

## Mjög þrengir að Elliðaánum

Sérfræðingur Veidimálastofnunar varar mjög við áhrifum stórrar landfyllingar í Elliðaársvogi á viðkvæman laxastofn og lífríki svæðisins alls. Með fyllingunni tapist strandsvæði sem er matarkista seiða.

**UMHVERFISMÁL** Sérfræðingur Veidimálastofnunar hefur uppi sterk varnaðarorð vegna landfyllingar í Elliðaársvogi og bendir á hættur sem því fylgja að þrengja enn meira að lífríki Elliðaánna en þegar sé orðið. Það lýtur helst að laxastofninum, en einnig að öðrum stofnum ferskvatnsfiska sem og lífríkinu í heild.

Þetta kemur fram í umsögn Þórólfs Antonssonar, fiskifræðings á Veidimálastofnun, um áhrif fyrirhugaðrar landfyllingar í Elliðaársvogi á laxfiska í ánum.

„Farleiðir laxa úr sjó og seiða til hafs liggja þarna um og það segir sig sjálft að þegar þrengt er að því þá veit maður ekkert hvaða afleiðingar það getur haft. Strandsvæði þarna eru í hættu og þar fer fram mikil framleiðsla smádyra sem eru fæða seiðanna á leiðinni út,“ segir Þórólfur við Fréttablaðið.

Um er að ræða þrettán hektara landfyllingu við Sævarhöfða. Í AðalSKIPULAGI Reykjavíkur 2010-2030 er stefnt að uppbyggingu blandaðrar byggðar við Elliðaársvog og er það eitt af þremur meginuppbyggingarsvæðum Reykjavíkur fyrir blandaða byggð á næstu áratugum.

Þórólfur minnr á hversu mjög hafi verið þrengt að Elliðaánum á síðustu áratugum.

Í niðurlagi umsagnar Þórólfs segir: „Ef þannig færi að þessar fyrirhuguðu landfyllingar hækkuðu dánartölu fiska umtalsvert eru all-

**Önnur hönd Umhverfissviðs er því að vernda búsvæði lifvera á meðan hin höndin er að granda þeim.**

Þórólfur Antonsson, fiskifræðingur á Veidimálastofnun



miklir hagsmunir í húfi. Ber fyrst að nefna veiðihagsmuni í Elliðaánum.“

Þórólfur rekur að mikið átak hafi kostað að ná laxastofni Elliðaánna upp eftir að stofninum hrakaði verulega. „Í raun hefur hann ekki náð sömu stofnstærð og áður var.“

Og Þórólfur bætir við að Elliðaárarnar hafi verið eitt af „vörumerkjum“ Reykjavíkur sem hreinnar borgar. Þau rök voru til dæmis í umsókn fyrir verkefni Græn borg Evrópu og bent á laxastofn sem þrífist inni í miðri höfuðborg.

Þá séu framkvæmdirnar á skjön við nýja stefnumótun um líffræðilega fjölbreytni í Reykjavík.

„Þar er meðal annars getið um verndun lífríkis fjöru og strandsjávar sem og lífríkis í ferskvatni. Önnur hönd Umhverfissviðs er því að vernda búsvæði lifvera á meðan hin höndin er að granda þeim,“ skrifar Þórólfur Antonsson.

— shá / sjá síðu 8

## Tuttugu milljarða verk í gang á Keflavíkurflugvelli

**FRAMKVÆMDIR** Stjórn Isavia hefur samþykkt þrjátíu milljarða króna framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli á næstu tveimur árum. Hefja á framkvæmdir fyrir tuttugu milljarða í ár.

Fjárfesting Isavia er samtals um fjórutíu milljarðar króna á fjórum árum.

„Það sem farþeginn mun taka sérstaklega eftir er að við erum búin að fjárfesta í sjálfvirknivæðingu fyrir samtals 500 milljónir. Fleiri flugfélög fara í sjálfinnritunarstöðvar svo traffikin gengur mun hraðar,“ segir Hlynur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Isavia. — snæ / sjá síðu 4

## Leikur albínóa í þriðja sinn

**LÍFID** Leikarinn Tómas Lemarquis leikur í nýjstu X-Men myndinni sem skartar stjörnunum Jennifer Lawrence, Oscar Isaac, Oliviu Munn og Michael Fassbender.

Undirbúningur Tómasar fyrir leikinn í X-Men fólst meðal annars í því að lesa myndasögubækur, klæðast búningi persónunnar sem hann túlkar og fara í göngutúra um götur Berlínar. Þannig tókst Tómasi loks að finna karakterinn og meira að segja göngulag hans. Þetta er í þriðja sinn á ferlinum sem Tómas leikur albínóa. — sph / sjá síðu 26




**Fréttablaðið í dag**

**MARKAÐURINN**  
Forsetakosningarnar gætu orðið dýrar  
Andrés Jónsson almannatengill segir að kosningabaráttan muni fyrst og fremst ráðast í sjónvarpi. Á annað þúsund hafa boðist til að aðstoða frambjóðendurna.

**SKOÐUN** Oddný G. Harðardóttir segir óþolandi að þeir sem fá úthlutaðan kvóta geti stungið fullu veiðigjaldi í eigin vasa. 13

**SPORT** Eygló Ósk endaði í 6. sæti í 200 metra baksundi á EM. 16

**PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK**  
\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



Alþjóðlegi safnadagurinn 2016 er í dag. Hér sinnir Finnur Ingimarsson, forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs, undirbúningi. Alls taka um 35 þúsund söfn í 140 löndum þátt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FYRIR OKKUR**

**GULI**  
LIÐAKTÍN QUATRO

Sérvalið fyrir íslenskar aðstæður. Kynntu þér úrvalið á gulimidinn.is

**ALLT Í GÆSA- OG STEGGJAPARTÝIN**

Finndu okkur á

**PARTÝBÚÐIN**

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

**LÍFRÆNT RAUÐRÓFUÐUFT Í HYLKJUM**

„Náði kólesterólinu niður á stuttum tíma.“  
Jóhannes S. Ólafsson

## Veður



Suðvestangola og dálitlar skúrir á morgun, sums staðar slydda norðvestan til, en bjartviðri eystra. Milt veður. **SJÁ SIÐU 20**

## Milljarðar í plús hjá LÍN

**MENNTAMÁL** Lánasjóður íslenskra námsmanna var rekinn með sjö milljarða króna afgangi á síðasta rekstrarári.

Þetta kemur fram í ársreikningi LÍN. Fulltrúi námsmanna erlendis gagnrýnir að á sama tíma séu úthlutanir til þeirra skornar niður.

„Við hjá SÍNE höfum mótmælt því harðlega að verið sé að skerða framlag til nema erlendis. Til að mynda skrifandi ég ekki undir nýjar úthlutunarreglur og okkur finnst við ekki hafa fengið nægan stuðning frá stúdentum hér á landi því fulltrúar stúdenta samþykku úthlutunarreglurnar,“ segir Hjördis Jónsdóttir, fulltrúi Samtaka íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) í stjórn LÍN. „Við teljum sjóðinn vel geta staðið undir öflugum útlánum til námsmanna erlendis.“

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri LÍN, segir sjóðinn félagslegan jöfnunarsjóð og ekki eiga að vera rekinn með hagnaði. Ef frá er dregið framlag ríkissjóðs til sjóðsins sé tap á rekstrinum.

„Í ársreikningi LÍN kemur fram að halli er á rekstri sjóðsins sem nemur 1,3 milljörðum króna án ríkisframlags í samanburði við níu milljarða króna halla á árinu 2014,“ segir Hrafnhildur Ásta. „Hér er vert að hafa í huga að ríkið styrkir námsmenn á námslánunum að meðaltali um 47 prósent af útlánunum sjóðsins á hverju ári.“ – sa

**Hér er vert að hafa í huga að ríkið styrkir námsmenn á námslánunum að meðaltali um 47 prósent af útlánunum sjóðsins á hverju ári.**

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri LÍN



## Vísindaleg afmælisveisla



Styrktarsjóður hjartveikra barna varð tuttugu ára á sunnudag og bauð Neistinn í afmælisveislu á leikstofu Barnaspítala Hringins í gær. Um tuttugu fjölskyldur njóta framlags úr styrktarsjóði Neistans árlega. Ævar vísindamaður lét til sín taka við hrfingingu barnanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Alþingi frestað 2. júní í tíu vikur

**ALÞINGI** Forsætisnefnd Alþingis samþykkti í gær endurskoðaða starfsáætlun þingsins. Mun þingfrestun verða 2. júní en nefndir Alþingis starfa viku lengur.

Þingfundir hefjast á ný 15. ágúst og þingið starfar til 2. september. Stefnt er að alþingiskosningum í október.

„Það er mikilvægt að við séum búnir að fá ákveðnar útlínur hvað varðar uppfærða starfsáætlun þingsins. Hins vegar er mörgum spurningum ósvarað hvað varðar nýtt löggjafarþing í haust og nákvæma dagsetningu kosninga,“ segir Svandís Svavarsdóttir, þingflokksformaður VG. – sa / þv

Svandís Svavarsdóttir, formaður þingflokks VG



# Mótmæla þyrlubanni í Vatnajökulspjóðgarði

Breyting á valdheimildum framkvæmdastjóra og þjóðgarðsvarða er meðal þess sem umhverfis- og framkvæmdanefnd Fljótaldshéraðs gerir athugasemdir við í frumvarpi umhverfisráðherra um breytingar á lögum um Vatnajökulspjóðgarð.

**UMHVERFISMÁL** „Vatnajökulspjóðgarður átti að styrkja við ferðamennsku á svæðinu,“ segir umhverfis- og framkvæmdanefnd Fljótaldshéraðs sem gagnrýnir sérstaklega fjóra þætti í lagafrumvarpi um breytingu á lögum um Vatnajökulspjóðgarð.

Umhverfis- og framkvæmdanefndin segir í fyrsta lagi að ákvæði í frumvarpi Sigrúnar Magnúsdóttur umhverfisráðsherra um bann við utanvegaakstri sé óþarft. „Náttúruverndarlögin taka vel á þessum málum og ekki er ástæða til að setja meira inn í þessi lög heldur en fyrir er í gildandi lögum.“

Nefndin telur ákvæði um bann við lendingu loftfara nema með sérstöku leyfi setja fótinn fyrir þyrluferðir. „Ef umferð loftfara eykst í garðinum væri nær að skilgreina landingarstaði rétt eins og bílastæði eða næturhólf fyrir hesta. Á Íslandi eru í gildi lög um loftferðir og því ekki ástæða til að setja sér lög um þau í þjóðgarðinum.“

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra ráði þjóðgarðinum framkvæmdastjóra sem ræður síðan þjóðgarðsverði.

„Þá tilhneigingu til miðstýringar sem kemur fram í lögnum telur nefndin ekki í þeim anda sem lagt var upp með á sínum tíma,“ segir nefndin sem vill að ráðningar þjóðgarðsvarða verði á hendi viðkomandi svæðisráða. Einnig að samstarf við stofnanir, sveitarfélög, landeigendur og aðra verði á hendi þjóðgarðsvarða á hverju svæði en ekki framkvæmdastjórans eins og lagt er til.

Þá mótmælir umhverfisnefndin því að þjóðgarðsverði verði heim-



Svartifoss í Skaftafelli er ein fjölmargra náttúruperlna í Vatnajökulspjóðgarði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Ef umferð loftfara eykst í garðinum væri nær að skilgreina landingarstaði rétt eins og bílastæði eða næturhólf fyrir hesta.**

Umhverfis- og framkvæmdanefnd Fljótaldshéraðs



Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra

ilt að loka ákveðnum svæðum og leiðum fyrirvaralaust.

„Ekki er ásættanlegt að þjóðgarðsverði sé heimilt að loka leiðum eða svæðum sem skulu vera opin sam-

kvæmt verndaráætlun upp á sitt eindæmi. Gera verður þá kröfu að það sé gert í samráði við svæðisráð á viðkomandi svæði,“ segir í umsögn umhverfisnefndar Fljótaldshéraðs sem að lokum kveðst gera alvarlega athugasemd við að fyrstu drög laganna hafi ekki verið kynnt sveitarfélögum sem liggja að garðinum. gar@frettabladid.is

## NÁTTÚRULEGT VERKJAGEL



Öflug hita- og kælimeðferð

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir, Fjarðarkaup og Þín verslun Seljabraut

# Velkomin á nýja N1 stöð í Norðlingaholti

Allir fá  
**13 kr.**  
AFSLÁTT  
í Norðlingaholti  
18.-22. maí

**+2**  
N1 punktar  
pr. lítra  
til korthafa



Viltu ferðast frítt með  
fjölskylduna í sumar?

Skráðu þig í N1 klúbbinn og taktu  
þátt í skemmtilegum leik á n1.is



N1 hefur opnað nýja sjálfsafgreiðslustöð í Norðlingaholti sem býður upp á góða aðkomu fyrir bíla af öllum stærðum. Auk þess að dæla á eldsneytistankinn getur þú fyllt á rúðupissið og innan skamms munum við einnig opna þvottaplan. Með N1 stöð í næsta nágrenni er kjörið fyrir þig að sækja um N1 kortið og njóta ávinnings, tímasparnaðar og fríðinda.

Hluti af Norðlingaholti



# Tókst að afstýra stórhættu er eldur kviknaði í skóginum í Húsafelli

**BRUNI** Skógareldur brann á um fimmtíu fermetra svæði í Stuttárbotnum í Húsafelli í gær. Um 200 sumarhús eru á svæðinu.

Að sögn Bergþórs Kristleifssonar, staðarhaldara í Húsafelli, var slökkvilið Borgarbyggðar fljót á svæðið og vel gekk að ráða niðurlögum eldsins.

„Það hjálpaði okkur að það var logn svo þetta fór eins vel og hugsast gat,“ segir Bergþór og bætir við



Viðstaddir slöktu eldinn og slökkviliðið tryggði svæðið. MYND/EINAR S. TRAUSTASON

Það hjálpaði okkur að það var logn svo þetta fór eins vel og hugsast gat.

Bergþór Kristleifsson, staðarhaldari í Húsafelli



að þetta sé mjög hættulegur tími því mikill þurr gróður sé á svæðinu.

Einar Steinþór Traustason slökkviliðsmaður segir að fólk á svæðinu hafi verið búð að ná í slöngur og fötur og haldið eldinum niðri áður en slökkviliðið kom á svæðið.

„Það var brugðist hárrétt við á réttu augnabliki. Svo komum við og rennbleyttum þetta og fórum svo heim,“ segir Einar. – þv



Á Höfn í Hornafirði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hornfirðingar í sameiningarhug

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarstjórn Hornafjarðar hefur óskað eftir afstöðu Skaftárhrepps og Djúpavogs til sameiningar nágrannasveitarfélaganna þriggja.

„Stórt og öflugt sveitarfélag er sterkur málsvári íbúa þess og þar með þess samfélags sem það heldur utan um. Í fyrri sameiningum sveitarfélaga er almennt talið að það sem hafi áunnist sé meðal annars bætt þjónusta við íbúa, faglegrí stjórnsýsla, skilvirkari yfirstjórn og styrkari fjárhagur,“ segir í bréfi Hornfirðinga til Skaftárhrepps og Djúpavogs. Þar kemur fram að samtals 3.097 íbúar séu í sveitarfélögum þremur. – gar

## Danir deila um au pair-stúlkur

**DANMÖRK** Kapólsku hjálpar samtökin Caritas í Danmörku eru þeirrar skoðunar að au pair-stúlkur séu nýttar sem ódyrt vinnuafli. Samtökin vilja að þær fái réttindi sem samsvara réttindum á danska vinnumarkaðnum. Stjórnmalaflokkurinn Frjálslynda bandalagið segir stúlkurnar fá nægan frítíma til þess að kynna sér danska menningu þannig að kerfið virki eins og það á að gera. Um þrjú þúsund au pair-stúlkur eru í Danmörku, aðallega frá Filippseyjum og Austur-Evrópu. – ibs

# Fjárfesta fyrir tuttugu milljarða

Stjórn Isavia hefur samþykkt framkvæmdir fyrir þrjátíu milljarða króna á Keflavíkurlugvelli á næstu tveimur árum. Samtals er um fjörtíu milljarða króna fjárfestingu að ræða á fjórum árum. Framkvæmdastjóri Isavia hefur ekki áhyggjur af því að spár um ferðamannafjölda bregðist og fyrirtækið fari á hausinn.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Hefja á framkvæmdir fyrir tuttugu milljarða króna á Keflavíkurlugvelli í ár.

Framkvæmdirnar hafa verið samþykktar í stjórn Isavia og bætast fyrirhuguð mannvirki við þá aðstöðu sem tekin hefur verið í notkun frá því í fyrrasumar og kostaði um tíu milljarða króna.

Samtals hefur stjórn Isavia samþykkt framkvæmdir við flugvöllinn fyrir þrjátíu milljarða króna á næstu tveimur árum, eða til ársins 2018.

Framkvæmdirnar nema um 1 prósent af vergri landsframleiðslu, sé miðað við spá Seðlabanka Íslands fyrir árið 2016. Til samanburðar má nefna að ríkisstjórnin hefur sett 2,5 milljarða króna í uppbyggingu ferðamannastaða frá árinu 2013 með framlagi í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Uppbygging ríkisins er sem sagt ríflega tólf prósent af þeirri upphæð sem Isavia hyggst verja í framkvæmdir við Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

„Það var gerð farþegaspá árið 2014. Sú farþegaspá hefur greinilega verið mikið vanmat því við erum að enda í svipaðri tölu í ár og við spáðum árið 2020,“ segir Hlynur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Isavia. „Þess vegna erum við að ráðast í þessar fjárfestingar töluvert hraðar en áætlað var. Allt passar þetta samt inn í þróunarskipulag Keflavíkurlugvallar.“

Hlynur segir að eftir framkvæmdirnar í ár verði Keflavíkurlugvöllur fimmtí stærsti flugvöllur Norðurlanda hvað farþega fjölda varðar, og taki til dæmis fram úr flugvöllum í Gautaborg. Eftir standi flugvöllir höfuðborganna; Kaupmannahafnar, Óslóar, Helsinkí og Stokkhólms.

„Það sem farþeginn mun taka sérstaklega eftir er að við erum búin að fjárfesta í sjálfvirknivæðingu fyrir samtals 500 milljónir. Fleiri flugfélög fara í sjálfinnritunarstöðvar svo traffíkin gengur mun hraðar,“



Sjálfvirkni við farangur hefur aukist mjög og töskufærðing verða lengd. Það er liður í aukinni skilvirkni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það var gerð farþegaspá árið 2014. Sú farþegaspá hefur greinilega verið mikið vanmat því við erum að enda í svipaðri tölu í ár og við spáðum árið 2020.

Hlynur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Isavia.



segir Hlynur. Jafnframt muni fleiri flugfélög taka upp fyrirkomulag þar sem farþegar skila sjálfir farangri til innritunar án aðstoðar starfsmanns.

„Í fyrra var mjög þröngt í komusalnum. Við stækkuðum þann sal um 800 fermetra. Sömuleiðis þurftum við að lengja töskuböndin og erum að fara að stækka töskusalinn um aðra 800 fermetra. Á verslunarsvæðinu vorum við ekki búin að koma fyrir nægilegum fjölda sæta. Þó að það verði þröngt setið munum við koma upp 200 fleiri sætum,“ segir Hlynur.

Þrátt fyrir þetta mun Isavia lengja innritunartímann og hvetja farþega til að mæta fyrr á völinn. „Farþegar hafa vanið sig í mörg ár á að koma

tveimur tímum fyrr. Við viljum að innritun sé alltaf opin tveimur og hálfum tíma fyrr svo menn séu ekki að lenda í vandræðum ef það eru stórir dagar.“

Hlynur segir Isavia öruggt um að farþegum muni áfram fjölga um flugvöllinn á næstu tveimur árum. Fyrirtækið fari ekki á hausinn þótt yfstrustu spár bregðist.

„Þessar fjárfestingar eru til langs tíma. Þó það komi dýfa þá mun sú fjárfesting nýtast. Þróunarskipulagið er sett þannig upp næstu 5 til 25 ár að við munum gera þetta í þeim áföngum sem Isavia ræður við.“

Isavia kynnis áform sín á morgunverðarfundum á Hótel Reykjavík Natúra í dag. [snaeros@frettabladid.is](mailto:snaeros@frettabladid.is)



## Garðsláttuvélar sem slá á þínum gönguhraða

Það er leikur einn að slá með nýju garðsláttuvélunum frá CubCadet. Þær eru með MySpeed hraðastilli sem aðlagar keyrsluhraða vélanna að þínum gönguhraða.

**CubCadet**  
Gerir sláttinn auðveldari



**PÓR H**

Reykjavík:  
Krókháls 16  
110 Reykjavík  
Sími 568-1500

Akureyri:  
Lónsbakka  
601 Akureyri  
Sími 568-1555

Opnunartími:  
Opnið alla virka daga  
frá kl 8:00 - 18:00  
Lokað um helgar

Vefsíða og netverslun:  
[www.thor.is](http://www.thor.is)



SIMPLY CLEVER

ŠKODA



# G-TEC FYRIR NÁTTÚRUNA OG VESKIÐ

ŠKODA Octavia G-TEC verð frá 3.390.000 kr.



OCTAVIA ER MEST SELDI BÍLL  
#1  
Á ÍSLANDI 2015

## Þú kemst lengra en borgar minna

Ef skynsemin réði værum við öll á **ŠKODA Octavia G-TEC**. Í honum samtvinnast fegurð, kraftur og virðing fyrir umhverfinu. **G-TEC** sameinar kosti metans og bensíns; þú nýtir íslenska orku og lækkar eldsneytiskostnað um allt að 35%. Með metantank og 50 lítra bensíntank kemstu ótrúlega langt án þess að fylla á og svo færðu líka frítt í staði. Komdu og reynsluaktu **ŠKODA Octavia G-TEC**.



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

[www.skoda.is](http://www.skoda.is)

## Segist gáttuð á seinagangi

**ALÞINGI** „Ég verð að segja að þetta eru mér mikil vonbrigði,“ segir Líneik Anna Sævarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, sem kveðst gáttuð á hægagangi menntamálaráðuneytisins við að setja á laggirnar ráðgjafarnefnd fyrir Menntamálastofnun og útgáfu reglugerðar um stofnunina.

Samkvæmt lögum frá í júlí 2015 skal setja reglugerð um Menntamálastofnun og starf fagræða innan stofnunarinnar og skipa ráðgjafarnefnd. Hvorugt hefur verið klárað í ráðuneyti menntamála. Þetta kemur fram í svari ráðherra við fyrirspurn Líneikar Önnu.



Líneik Anna Sævarsdóttir alþingismaður

„Það þarf að klára þessi mál sem allra, allra fyrst, einmitt nú meðan verið er að móta stofnunina,“ segir Líneik Anna.

Unnið er að breytingum á skóla-kerfinu. Líneik Anna segir því mikilvægt að fagræð innan stofnunarinnar séu sett á laggirnar sem fyrst. – sa

## Garðtraktorar fyrir þá kröfuhörðu



**Cub Cadet**  
Gerir sláttinn auðveldari



**ÞÓR TH**

Reykjavík:  
Krókháls 16  
110 Reykjavík  
Sími 568-1500

Akureyri:  
Lónsbakka  
601 Akureyri  
Sími 568-1555

Opnunartími:  
Opnið alla virka daga  
frá kl 8:00 - 18:00  
Lokað um helgar

Vefsíða og netverslun:  
www.thor.is

## Mótmæla nýrri stjórnarskrá



Þúsundir manna sem tilheyra minnihlutahópum í Nepal hafa mótmælt nýrri stjórnarskrá landsins síðustu daga. Mótmælendur hröpuðu harðorð slagorð sem beindust gegn ríkisstjórninni í kröfugöngu sinni að heimili forsætisráðherra Nepals í Katmandú í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Sérmál ef fýla ræður för á Landspítalanum

Varaformaður fjárlaganefndar vill taka útbodsmál lyfja hjá LSH til sérstakrar skoðunar. Lögmaður LSH spyr hvað sé unnið með útbóði. Markaðsverðskráning lyfja sé opinber. Forstjóri Icepharma segir gott verð á sjúkrahúslyfjum.

**EFNAHAGSMÁL** „Ef menn hafa bara farið í fýlu og ekkert viljað gera þá er það bara alveg sérmál,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður fjárlaganefndar Alþingis, um skort á þátttöku Landspítalans í samnorrænum lyfjautbóðum. Til mikils væri hins vegar að vinna.

Orðin lét Guðlaugur falla á fundi Félags atvinnurekenda um útbodsmál hins opinbera í gærmorgun, en hann var þar meðal frummælenda.

Landspítalinn hefur vísað til þess að breytingar á lögum um opinber innkaup 2011 hafi komið í veg fyrir að hægt væri að fara í útbod með öðrum þjóðum vegna ákvæða um sérstakt samkeppnismat sem fara þarf fram vegna útboda erlendis. Guðlaugur vísar hins vegar til orða Halldórs Ó. Sigurðssonar, forstjóra Ríkiskaupa, um að lögin séu ekki jafn hamlandi og virðast kunni.

„Við höfum aðstoðað aðrar ríkisstofnanir við að fara í sameiginlegt útbod með öðrum þjóðum og það hefur gengið ágætlega. Það er mikil-

vægt að stofnanir láti reyna á þetta áður en þær ákveða að þetta hamli þeim í að spara fjármagn hins opinbera,“ sagði Halldór í viðtali við Fréttablaðið í janúar síðastliðnum.

Guðlaugur segir nauðsynlegt að fara vel yfir málið og kveðst hlakka til að kalla eftir svörum á vettvangi fjárlaganefndar. „Og fá að vita hvort það geti verið að menn hafi ekki látið á þetta reyna. Það er alveg stórmerkilegt ef menn hafa ekki gert það.“

Baldvin Hafsteinsson, lögmaður á skrifstofu forstjóra Landspítalans, sem var á fundinum, bendir á að hér þurfi sérstakt markaðsleyfi til að koma lyfi á markað. „Það er ekki þannig að hægt sé að hlaupa út í heim og kaupa eitthvert lyf og flytja til landsins.“ Þar að auki séu lyfin verðskráð. „Og þá spyr maður: Til hvers að bjóða út lyf ef þau eru nú þegar með skráð opinbert markaðsverð?“ segir Baldvin.

Á fundinum benti Margrét Guðmundsdóttir, forstjóri Icepharma,

**Ef þessi lyf væru boðin út erlendis þá er ekkert fyrirtæki á Íslandi sem gæti tekið þátt í því útbóði.**

Margrét Guðmundsdóttir, forstjóri Icepharma



líka á að lyfin sem rætt væri um að bjóða út erlendis væru sjúkrahúslyf, en þau væru, eins og málum væri nú háttað, á lægsta mögulega verði í Skandinavíu. „Þau eru skráð þannig á Íslandi.“ Þetta væri fyrirkomulag sem Álfheiður Ingadóttir hefði komið á í heilbrigðisráðherra-tíð sinni. „Ef þessi lyf væru boðin út erlendis þá er ekkert fyrirtæki á Íslandi sem gæti tekið þátt í því útbóði.“ [ollikr@frettabladid.is](mailto:ollikr@frettabladid.is)

**KOLVETNASKERT**

*Nýtt*

með vanillubragði

**DRYKKJAR JÓGÚRT VANILLA**

**LÉTT**

á viðbætur sykars

**KOLVETNASKERT**

F&F

Kids



Bolur  
**1.270**

BUXUR  
**2.650**

#FEELSSOGOOD

Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind,  
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri

# Varað við að þrengja enn að Elliðaánum

Fyrirhuguð landfylling í Elliðaárvogi þrengir mjög að lífríki Elliðaána. Sérfræðingur segir að ef ráðist verði í verkið þrátt fyrir varnaðarorð verði að huga vel að tilhögun verksins til að „lágmarka skaðann“. Á landfyllingunni ris stórt íbúðahverfi innan fátta ára.

Svavar  
Hávarðsson  
svavar@frettabladid.is

**NÁTTÚRA** Sérfræðingur Veidimála- stofnunar hefur uppi sterk varnaðar- orð vegna landfyllingar í Elliðaárvogi og bendir á hættur sem því fylgja að þrengja enn meira að lífríki Elliða- ána en þegar hefur verið gert. Það lýtur helst að laxastofninum, en einnig að öðrum stofnum ferskvatnsfiska sem og lífríkinu í heild.

Þetta kemur fram í umsögn Þórólfs Antonssonar, fiskifræðings á Veidimála- stofnun, um áhrif fyrirhugaðrar landfyllingar í Elliðaárvogi á laxfiska í ánum.

„Farleiðir laxa úr sjó og seiða til hafs liggja þarna um og það segir sig sjálf að þegar þrengt er að því þá veit maður ekkert hvaða afleiðingar það getur haft. Strandsvæði þarna eru í hættu og þar fer fram mikil framleiðsla smádýra sem eru fæða seiðanna á leiðinni út,“ segir Þórólfur í viðtali við Fréttablaðið.

Landfyllingin sem um ræðir er þrettán hektarar við Sævarhöfða, sem varin verður af sjóvarnargörðum, en í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er stefnt að uppbyggingu blandaðrar byggðar við Elliðaárvog og er það eitt af þremur megin uppbyggingarsvæðum Reykjavíkur fyrir blandaða byggð á næstu áratugum. Landfyllingin mun þjóna hluta af þeirri uppbyggingu sem þar er fyrirhuguð, segir í frum-

**Strandsvæði þarna eru í hættu og þar fer fram mikil framleiðsla smádýra sem eru fæða seiðanna á leiðinni út.**

Þórólfur Antonsson  
fiskifræðingur




matsskýrslu um mat á umhverfis- áhrifum vegna landfyllingarinnar.

Þórólfur segir í skýrslu sinni að ef lítið sé til allra tegundanna sem lifa í ánum – sem eru allar helstu tegundir ferskvatnsfiska hérlandis – sé göngu- tími einhvers þeirra um Elliðaárvog allt frá apríl á vorin fram í nóvember á haustin. Það er því einungis um fimm vetrarmánuðir sem ekki er sam- gangur fiska milli ferskvatns og sjávar um Elliðaárvog.

Þórólfur bendir á að seiði séu sér- staklega viðkvæm á þeim tíma sem þau ganga til sjávar og venjast breyttu umhverfi í sjó. Þegar allt er talið gerir Þórólfur grein fyrir því hversu mikil- vægt ósásvæðið er, og hefur uppi sér- stök varnaðarorð í því sambandi.

Í viðtali við Fréttablaðið minnir Þórólfur á hversu mjög hefur verið þrengt að Elliðaánum á síðustu áratugum. Frekari hugmyndir séu þá uppi um framkvæmdir við ósa ána á landfyllingum, t.d. Sundabraut, þó ekki sé búið að tímasetja þær.

## Landfylling við Elliðaárvog fyrir nýtt íbúðahverfi



KORT/REYKJAVÍKURBORG

**21.000 rúmmetrar** er áætluð grjótpörf í sjóvarnargarða sem verja munu fyllingarnar.

**2-3 ár** má gera ráð fyrir að gerð landfyllingar geti tekið eftir að framkvæmdaleyfi hefur verið gefið út.

**Frummats- skýrsla** vegna landfyllingarinnar er nú í kynningu hjá Skipulagsstofnun.

**Vinningstillaga rammaskipulags** fyrir svæðið ber nafnið „Elliðahöfn við Ártúnshöfða, vistvænt borgarhverfi með fólk í fyrirrúmi“.

**Gert er ráð fyrir eftirfarandi uppbyggingu** **216.330 fermetrum** af íbúðarhúsnæði. **22.000 fermetrum** af atvinnuhúsnæði /blandaðri landnotkun.

## Volkswagen Caddy!



### Kynntu þér glæsilegan Volkswagen Caddy

Við kynnum til leiks fjórðu kynslóð af vinsælasta atvinnubíla á Íslandi undanfarin ár. Enn meiri staðalbúnaður, aukið öryggi og öflugri vélar eru aðeins nokkur atriði sem gera hinn nýja Caddy svo aðlaðandi. Nú kemur Caddy líka í fimm og sjö manna fjölskylduútfærslu með nálgunarvara og loftþúðum fyrir ökumanns- og farþegarými.

Við bjóðum þér að líta við í **sýningarsal VW Atvinnubíla** og kynnst honum betur.

Volkswagen Caddy kostar frá: **2.670.000 kr.** (án vsk. 2.153.226 kr.)

**HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.**



Atvinnubílar





Gagnvarið pallaefni A/B  
28 x 120 mm. Verð á m.

**195.-**

~~245.-~~

**Pallahitari á fæti**

Keramískur pallahitari á fæti með 3 stillingum, Hæð allt að 2 m. 650/1300/2000 vött. IP44 vottaður.

**8.995.-**



**Q2200 gasgrill**

Ryðfrír brennari, 3,51 kW/klst. Grillflötur 54 x 39 cm. Hitamælir í loki. Vagn fylgir.

**55.995.-**

# Byrjaðu vorverkin með okkur!

- mikið úrval, gæði og gott verð



**6695.-**

**Ávaxtatré**

Margar tegundir í boði. Sterkt, tveggja ára gamalt tré, hæð u.þ.b. 200 cm. Þolir vel vetrarhórkur.



**1995.-**

**3 l Tréolía**

Alkýð-olía sem vinnur gegn gránun og sprungumyndun á pöllum, skjólveggjum, garðhúsgögnum o.s.frv. Notist á gagn- og þrýstífavarið timbur.



20 X 40 X 5 CM  
**335.-**

**Steyptar hellur**

20 x 40 x 5 cm. Grátt. Stykkjaverð.



Gervigras með drenni  
**1.195.-**

**995.-**

**Gervigras án drens**

Tilvalið á svalirnar eða pallinn. Breidd 2 m. Fæst í grænu og gráu. Verð á m<sup>2</sup>.

Tilboðið gildir frá miðvikudeginum 18. maí til og með sunnudeginum 29. maí. Gildir á meðan birgðir endast.



BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

## Vilja að ljósmæður geti ávísað getnaðarvörnum

**HEILBRIGÐISMÁL** Embætti landlæknis mælir með að frumvarp um ávísunarrétt ljósmæðra á getnaðarvarnarlyf verði tekið upp aftur á Alþingi og lögum breytt þannig að ljósmæður fái rétt til þess að ávísa getnaðarvarnarlyfjum.

Landlæknir hefur itrekað fjallað um rétt ljósmæðra til að ávísa getnaðarvarnarlyfjum og unnið að því að sá réttur verði viðurkenndur. Frumvarpið var á sínum tíma langt komið í meðförum Alþingis en dagaði uppi, segir í tilkynningu frá embættinu.

Þar segir jafnframt að í nágrannalöndum okkar, meðal annars Svíþjóð, hafi ljósmæður þegar þennan



Hagræði er í að ljósmæður ávísi getnaðarvarnarlyfjum. FRÉTTABLAÐID/VALLI

rétt. Embættið viti ekki um neina vankanta á þessu fyrirkomulagi heldur myndi það skapa mikla hagræðingu. Það yrði líka til þess að létta verulegu starfi af læknum, ekki síst heimilislæknum. –sg

# Lamaður hæstiréttur

Tvisvar hefur hæstarétti Bandaríkjanna mistekist að komast að meirihlutaniðurstöðu í mikilvægum málum vegna þess að dómstóllinn er ekki fullskipaður.

**BANDARÍKIN** Eftir að Antonin Scalia, dómari við hæstarétt Bandaríkjanna, lést í febrúar síðastliðnum hafa einungis átta dómara setið í dómstólum.

Barack Obama forseti var ekki lengi að bregðast við og útnefndi nokkrum vikum síðar nýjan dómara, Merrick Garland, mann sem víða er stuðningur við, líka úr röðum repúblikana.

Repúblikanaflokkurinn hefur hins vegar ekki viljað staðfesta útnefninguna, með þeim rökum að ekki sé rétt að forseti ráði dómara vali á síðasta ári sínu í embætti.

Þetta hefur svo orðið til þess að tvisvar frá fráfalli Scalia hefur meirihlutaniðurstaða hæstaréttar ekki fengist í mikilvægum dómsmálum.

Fyrst gerðist það í mars, nokkrum vikum eftir lát Scalia, að dómurinn féll á jöfnum atkvæðum, fjórum gegn fjórum, í máli sem varðaði verkalýðsfélög.

Undirréttur hafði komist að þeirri niðurstöðu að verkalýðsfélögum væri heimilt að innheimta gjöld af ófélagsbundnu starfsfólki, enda væru gjöldin notuð til að standa straum af kjaraviðræðum sem kæmi þessu ófélagsbundna starfsfólki til góða ekki síður en félagsbundnu. Afstöðuleysi hæstaréttar varð til þess að dómur undirréttar stóð óhaggaður.

Aftur gerðist það svo á mánudaginn, 16. maí, að dómarnir átta sáu fram á að atkvæði í dómstólum myndu falla jafnt, fjögur á móti fjórum. Þeir brugðu því á það ráð að vísa málinu aftur til neðra dómstigs, sem fær þá það verkefni að finna málamiðlun.

Það mál snýst um getnaðarvarnir



Á síðasta ári hlupu starfsmenn fréttastöðva til að verða fyrstir með fréttir af splunkunýjum úrskurði hæstaréttar í máli samkynhneigðra. FRÉTTABLAÐID/EPA

### Dómararnir

#### Frjálslyndir vinstrimenn

Ruth Bader Ginsburg (frá 1993)  
Stephen Breyer (frá 1994)  
Sonia Sotomayor (frá 2006)  
Elena Kagan (frá 2010)

#### Íhaldssamir hægrimenn

Anthony Kennedy (frá 1988)  
Clarence Thomas (frá 1991)  
John G. Roberts (frá 2005)  
Samuel Alito (frá 2006)

og trúfrelsi. Trúaðir atvinnurekendur höfðu reynt að fá því hnekkkt að atvinnutengdar heilbrigðistryggingar næðu til getnaðarvarna. Þeir vildu ekki láta sér nægja að geta sótt um undanþágu af trúarlegum ástæðum.

Frá því Scalia lést hefur fleiri málum fyrir hæstarétti lokið án afgerandi niðurstöðu í reynd, yfirleitt eftir að dómarnir hafa fallist á málamiðlun sem í raun breytti litlu um efnisatriði.

Dómstóllinn er því hálfamaður meðan beðið er eftir niunda dómarnum. [gudsteinn@frettabladid.is](mailto:gudsteinn@frettabladid.is)

**HAGLÖFS  
REGNJAKKI  
19.990**

**ALLT FYRIR  
ÚTIVISTINA**

BÍLDSHÖFÐA  
AKUREYRI  
SELFOSSI

**INTERSPORT**  
SPORT TO THE PEOPLE

### Athafnaborg í örum vexti




## Uppbygging í Reykjavík og góð borgarþróun

Borgarstjórnin í Reykjavík býður til opins fundar um uppbyggingu atvinnustarfsemi í Reykjavík og góða borgarþróun. Fjallað verður um stærstu verkefni í atvinnuuppbyggingu í dag og á næstu árum. Dregin verður upp mynd af gæðum borgarsamfélagsins og hvernig við tryggjum þau.

**Tjarnarsalur í Ráðhúsi Reykjavíkur föstudaginn 20. maí kl. 9.00 – 12.00**

Allir velkomnir. Boðið upp á morgunveitingar frá kl. 8.30



FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

### Þrír vellir endurnýjaðir

**BYGGÐAMÁL** Samþykkt var á föstudag að láta endurnýja þrjá gervigrasvelli í Reykjavík. Mikið hefur verið rætt um dekkjakurl á gervigrasvöllum að undanförmu eftir að visbendingar komu fram um að kurlað innihéldi krabbameinsvaldandi efni.

Þeir vellir sem verða endurnýjaðir eru gervigrasvellir KR, Fylkis og Víkings. Kostnaðurinn við endurnýjunina nemur samtals 181 milljón króna.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir að ákvörðunin sé stór áfangi í rétta átt en að baráttan sé þó ekki búin þó þetta sé tvímælalaust góður áfangasigur.

„Það má ekki gleyma því að það eru enn nokkrir vellir eftir. Ég geri mér vonir um að þessu átaki verði haldið áfram og ef svipuð upphæð verður lögð í þetta á næsta ári ætti að vera hægt að klára íþróttavellina þá,“ segir Kjartan. – þv

**BMW EFFICIENT DYNAMICS.**  
LESS EMISSIONS. MORE DRIVING PLEASURE.

BMW X5 PHEV



www.bmw.is

Sheer  
Driving Pleasure



# NÝR OG SPARNEYTINN BMW X5 PLUG-IN HYBRID.

**BMW X5 xDrive40e / VERÐ: 10.790.000 KR.**

Nýi BMW X5 xDrive40e PLUG-IN HYBRID tengir afbílina nýjustu rafbílatækni og það besta sem völ er á í hefðbundinni vélartækni. Rafmótorinn er innbyggður í 8 þrepa sjálfskiptinguna sem tryggir fullkomna virkni xDrive fjórhjóladrifsins hvort sem bíllinn er í rafstillingu eingöngu eða knúinn bensínvél. Nýr BMW X5 xDrive40e skipar sér í hóp sparneytnustu jeppa í sínum stærðarflokki með eldsneytisnotkun upp á einungis 3,3 l/100 km\* í blönduðum akstri. Samanlagt skila rafmótorinn og bensínvélin 313 hestöflum.

**VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.**

\*Mikilvæg upplýsingar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEEM / s i a / NK74927

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

**BL**

# Landið sem var



Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

Náttúra Íslands í öllum sínum fjölbreytileika og fegurð er það dýrmætasta sem þessi þjóð hefur yfir að ráða. Þessu fylgir gríðarleg ábyrgð sem nær langt fram yfir daginn í dag og alla efnahagslega skammtímahagsmuni. Það er því þeim mun dapurlegra að fylgjast með seinagangi og silalegum viðbrögðum til varnar þegar raunveruleg hætta stöðjar að einni fegurstu náttúruperlu Íslands og í raun umheimsins. Perlu sem er í forsjá og á byrgð okkar Íslendinga.

Mývatn og Laxá eru búin að vera á rauðum lista Umhverfisstofnunar í fjögur ár sem þýðir að í fjögur ár hefur stofnunin hvatt til þess að gripið sé strax til aðgerða. Í fjögur ár hefur þjóðin, eða að minnsta kosti ráðamenn hennar, flotið sofandi að feigðarósi en þó ekki látið hjá líða að skipa nefndir og láta fara fram vísindalegar úttektir. Það er eitthvað, en betur má ef duga skal því að á þessum árum hefur lífríki vatnsins hrakað stórkostlega. Svo stórkostlega að það er of langt mál að tilgreina það nánar hér en fyrir áhugasama má benda á umfjöllun Svavars Hávarðssonar í Fréttablaðinu á liðnum mánuðum.

Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra fer með málefnið fyrir hönd okkar Íslendinga. Það er hennar hlutverk að vernda íslenska náttúru með ráðum og dáð. Sjá til þess að gripið sé til viðeigandi aðgerða þegar á reynir og láta einskis ófreistað til þess að bjarga því einstaka lífríki sem þýðir Mývatn og Laxá. En það virðist því miður ekki ætla að verða raunin heldur hefur ráðherra skipað samstarfshóp um málefnið eftir að hafa lengi haldið fram efasemdum um nauðsyn aðgerða þvert á álit sérfræðinga sem og heimamanna. Að auki virðist ráðherra helst kalla eftir utanaðkomandi aðstoð til þess að sækja fjármagn til aðgerða frá ríkisstjórninni sem hún er þó hluti af.

En þar sem Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra er þrátt fyrir allt hluti af núverandi ríkisstjórn er ekki úr vegi að kalla eftir svörum við eftirfarandi spurningum sem brenna á náttúru Mývatns og Laxár og þeim sem láta sig málið varða:

Hyggst ríkisstjórnin bregðast við áskorunum frá Landvernd, veiðifélagi Laxár og Krakár og öðrum sem hafa tjáð sig, um að standa við gildandi verndaráætlun fyrir Mývatn og svæðið í heild sinni?

Á að verða við óskum sveitarstjórnarfolks í Skúta-staðahreppi um aðstoð við að lagfæra frænnismál við þéttbýli í sveitarfélaginu?

Eru sérlögin um Mývatn og Laxá ekki afdráttarlaus um að stjórnvöldum beri einfaldlega skylda til að bregðast við strax?

Eru ákvæði nýrra náttúruverndarlaga um meginreglur umhverfisréttar og varúðarregluna orðin tóm?

Samstarfshópar og sérfræðipækking geta vissulega verið af hinu góða en það má vera öllum ljóst að tími nefnda og ráða er löngu liðinn og það verður þessari þjóð til ávarandi skammar verði lífríki Mývatns drepið í nefnd. Tími beinna aðgerða er löngu runninn upp því að öðrum kosti verður Ísland þekkt um allan heim sem landið sem var svo fallegt og einstakt.

## Halldór



**Að auki virðist ráðherra helst kalla eftir utanaðkomandi aðstoð til þess að sækja fjármagn til aðgerða frá ríkisstjórninni sem hún er þó hluti af.**

## Frá degi til dags

### Alþýðutvitið

Magnús Orri Schram varapingmaður leggur til að Samfylkingin verði lögð niður og nýr jafnaðar-mannaflokkur stofnaður. Samfylkingarfolk hefur tekið undir þetta, þar á meðal Katrín Júlíusdóttir varaformaður. Forveri Katrínar, Ágúst Ólafur Ágústsson, segir flokkinn þurfa nýtt nafn og merki. Það er kjörið verkefni fyrir háskólanema í markaðsfræði og grafíska hönnunarnema að gefa Samfylkingunni ferskari ásýnd og hljóta einkunn í takt við fylgi flokksins í næstu kosningum. Höfundur þessa dálks tekur sér það bessaleyfi að leggja til nöfnin: Samheldnari (en síðast) og Twitterbandalagið. Fyrir þá sem vilja vera retró má skoða nafnið Alþýðuflokkurinn. Er nokkuð búið að nota það?

### Hægri Vinstri

Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, segir á vefsíðu sinni að Sjálfstæðisflokkur og VG gætu átt meira sameiginlegt en virðist við fyrstu sýn. Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, hefur sagt að slíkt ríkisstjórnarsamstarf komi ekki til greina. Spillingarmál Sjálfstæðisflokksins gætu reynst VG erfið en það er ábyrgðarhluti í lýðræðisríki að neita að ræða samstarf og reyna ekki mála-miðlanir í stjórnarsamstarfi. Fari VG í ríkisstjórn með svo litinn samstarfsvilja gæti stjórnin heitið Sandkassastjórnin. [snaeros@frettabladid.is](mailto:snaeros@frettabladid.is)

## Bjarni Ben fjármálasnillingur?



Sverrir Björnsson hönnuður

Margir hafa spurt sig að því hvort Bjarni Ben sé flinkur í fjármálum. Það er eðlilegt að spurt sé þar sem hann fer með sameiginlegar eignir okkar allra. Gjaldþrota- og afskriftaslóðin eftir Bjarna businessmann vekur ekki sérstaka trú á fjármálahæfni hans sem og takmörkuð vitneskja hans um eigin fjármál: „Ég hef ekki verið með neinar eignir í skattaskjólum.“ BB.

Nú stendur fyrir dyrum sala á hlutum ríkisins í fjölmörgum fyrirtækjum, því er hér spurning til þín, lesandi góður: Ef þú vilt selja nokkur fyrirtæki og fá gott verð fyrir, myndirðu þá tilkynna hátt og snjallt að þú ætlir að selja þau öll í einu í einum grænum hvelli? Er bruna-útsöluleiðin líkleg til að skila þér besta verðinu? „Við vonumst til þess að meginþorra eignanna verði komið í verð fyrir árslok.“ BB.

Ég efast um að snjallir viðskiptamenn stæðu svona að sölu á sínum eignasöfnum. Spor sjálfstæðismanna í einkavæðingu eigna okkar hræða. Ein vinselasta viðskiptahugmynd auðmanna er að sækja sér auð í eigur almennings. Aðferðirnar eru kunnuglegar; að selja sér ríkisfyrirtæki á undirverði, nýta auðlindir í þjóðareign á tombólupris og koma einkarekstri inn í almannakerfin. Bjarni Ben hefur sýnt að hann styður þessar auðsöfnunaraðferðir dyggilega, hann vill selja þær eignir sem mala gull fyrir ríkissjóð, Landsvirkjun og Landsbankann. Selur góður búmaður frá sér bestu mjólkurkýrmar?

Nýjasta dæmið um afhendingu almannaþjáru eru 500 milljarðarnir sem ríkisstjórnin gaf kröfuhöfum í afslátt á stöðugleikaskatti. Icesave-hópurinn hefur bent á að þetta var óþarfa gjafgjörningur sem er þjóðinni afar dýrkeyptur. Ég sé ekki fjármálasnilld Bjarna sem íhaldsmenn eru að reyna að selja okkur. Í fordæmalausum góðærinu gæti ágætlega greindur gjaldkeri rekið ríkissjóð. Kannski er það bara í öflugri gjafastarfsemi á eignum almennings sem „fjármálasnilld“ frjálslygjaráðherrans liggur. Líkt og Bjarni hafði ekki eftir leidarstjórn sinni, Margaret Thatcher á Twitter 1. maí: „Gallinn við frjáls-hyggunna er að á endanum verða engar almannaþjáru eftir til að einkavinavæða.“



**Spor sjálfstæðismanna í einkavæðingu eigna okkar hræða.**

## MATUR ER MIKILS VIRÐI

Ráðstefna um nýja strauma og markaðssetningu matvæla



**Harpa - Silfurberg**  
fimmtudaginn 19. maí  
kl. 12-16

Nánari upplýsingar og skráning á [www.si.is](http://www.si.is)  
Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.



# Tekjur af auðlindum í velferð



**Oddný G. Harðardóttir**  
Þingmaður  
Samfylkingarinnar

Við Íslendingar erum rík af auðlindum en ekki góð í að semja um verð fyrir nýtingu þeirra. Útgerðarfyrirtæki greiða veiðigjald sem er langt undir markaðsverði, ferðamenn fá afslátt af neysluskatti á bæði gistingu og afþreyingu og við gerum ógegnsæja samninga um rafmagnsverð við stóriðjuna. Þessar stóru atvinnugreinar ættu að skila mun meiri tekjum í ríkissjóð en þær gera.

## Útboð aflaheimilda

Til að fá fullt verð fyrir veiðileyfi eigum við að bjóða út aflaheimildir. Opinbert útboð er skilvirkasta leiðin til að skila arðinum af auðlindinni til þjóðarinnar. Útboð myndi draga fram sanngjarna samkeppni milli sjávarútvegsfyrirtækja og tryggja minni fyrirtækjum aðgang að kvóta. Verðið yrði það sem fyrirtækin væru reiðubúin að greiða fyrir aflaheimildirnar og yrði um leið það veiðigjald sem rynnir í ríkissjóð. Í dag geta þeir sem fá úthlutadan kvóta stungið fullu veiðigjaldi í eigin vasa með því að selja og leigja kvóta til þriðja aðila. Það er óþolandi að horfa upp á slík viðskipti og bera þau saman við það lága veiðigjald sem nú rennur í ríkissjóð. Sem dæmi má nefna að kvótalitlar útgerðir hafa þurft að greiða um 200 kr. fyrir kíló af þorski í veiðigjald til stærri útgerða, á meðan ríkið heimtír aðeins 13 kr. í veiðigjald.

Sérfræðingar hafa bent á að með vel útfærðu útboði gætu stjórnvöld náð fram öllum þeim markmiðum sem þau setja sér fyrirfram, s.s. skiptingu á milli skipaflokka, landsvæða og nýliðunar.

Fiskveiðikerfinu þarf að breyta í heild sinni og það er hægt að taka strax skref í rétta átt. Ég legg til að við tökum slíkt skref á næsta fiskveiðiári. Þorskveiðikvótinn var aukinn á yfirstandandi fiskveiðiári um 21 þúsund tonn og mælingar Hafrannsóknastofnunar benda til að kvótinn verði enn aukinn á næsta fiskveiðiári. Ef Hafrannsóknastofnun gerir tillögu um viðbótartonn umfram þorskvóta fiskveiðiársins 2015/2016 þá ættum við að bjóða þau út til hæstbjóðenda. Með því fengist reynsla í framkvæmd útboða af þessu tagi ásamt markaðsverði aflaheimilda. Nú þegar bjóðum við út leyfi til nýtingar á útblástursheimildum, fjar-skriptatíðnisviðum, sérleyfum í flugi og rekstri hópferðabíla og þá reynslu má nýta.

## Skattaafsláttur til ferðamanna

Álag vegna fjölda ferðamanna hefur aukist mikið og haft áhrif á t.d. vegi landsins, löggæsluna, heilsugæsluna og sjúkraflutninga, að ekki sé minnst á fjölsóttar náttúruperlur. Ferðapjónustan hefur skilað góðum gjaldeyrstekjum með auknum ferðamannastraumi en nú er svo komið að eitthvað verður undan að láta. Ef innviðir verða ekki eflir þá er hætt við að dragi úr áhuga ferðamanna á að koma hingað og kostnaður vegna mikilla fjárfestinga falli á almenn-

ing. Núverandi ástand bitnar að sjálfsögðu einnig á þjónustu við íbúa landsins.

Besta leiðin til að fá með einföldum hætti auknar tekjur af ferðamönnum er að færa virðisaukaskatt fyrir gistingu og afþreyingu úr lægra þrepi í almennt þrep. Ferðamenn eiga ekki að fá afslátt af neyslusköttum og þessi ört vaxandi atvinnugrein á ekki að búa við annað rekstrarumhverfi en önnur fyrirtæki í landinu. Gisting og afþreying bera nú 11% virðisaukaskatt eins og t.d. matvæli, orka og bækur. Almennt þrep í

virðisaukaskatti er 24%. Það merkir að allar vörur og þjónusta bera 24% virðisaukaskatt nema að um sérstaka undantekningu sé að ræða. Nú þegar innviðir landsins eru að molna undan álagi á alls ekki að gefa ferðamönnum sérstakan afslátt af neyslusköttum.

## Sanngjarnt orkuverð

Við ættum að hefja strax undirbúning fyrir stofnun uppboðsmarkaðar á raforku á Íslandi. Norðmenn hafa fyrir löngu stigið það skref að leggja auðlindarentuskatt á orkufyrirtækin

sem nýta náttúruauðindir þeirra. Til að slíkt megi verða hér á landi þarf fyrst að tryggja gegnsæi í verðmyndun á raforku. Nýr samningur Landsvirkjunar við Norðurl um raforkusólu þar sem verðið ræðst af uppboðsmarkaði í Noregi er jákvæð vísbending um að aukið gegnsæi sé að færast í verðmyndun á raforku hér á landi.

Ef við sem samfélag fáum sanngjarnar tekjur af öllum okkar auðlindum getum við auðveldlega haldið uppi öflugum og ókeypis heilbrigðis- og menntakerfi. Það er réttlætismál.



**Besta leiðin til að fá með einföldum hætti auknar tekjur af ferðamönnum er að færa virðisaukaskatt fyrir gistingu og afþreyingu úr lægra þrepi í almennt þrep.**



## 110 ára afmæli

Fyrsta Siemens ryksuga kom á markað árið 1906 og því eru liðin 110 ár frá þeim merkisatburði. Þessi ryksuga kallaðist ryksogsdæla og var niðþung.

Í tilefni þessa afmælis bjóðum við nú ryksuguna **VS 06B120** á sérstökum kostakjörum.

Auk þess veitum við **15% afslátt af öðrum ryksugum.**

Láttu sjá þig og fáðu þér nýttisku ryksogsdælu frá Siemens.



## SIEMENS - Ryksuga VS 06B120

Nýr „highPower“ mótur: Meiri sogkraftur, minni orkunotkun. „powerSecure System“: Tryggir betri afköst jafnvel þótt pokinn sé fullur. Öflugur síur, þar á meðal PureAir Hepa-sía. Fjögurra lítra poki. Vinnuradius: 9 metrar. Orkuflokkur B. Parkett og flísar, flokkur D. Teppí, flokkur E. Hljóð: 81 dB. Útblástur A.

## Afmælistilboð:

**14.900 kr.**  
(Fullt verð: 19.900 kr.)

Tilboð gilda í maí eða á meðan birgðir endast.



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

þor n eiga rætt á vernd gegn smit.

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is

## Staða aldraðra og öryrkja óásættanleg!



**Björgvin Guðmundsson**  
viðskiptafræðingur

Hvernig er staða aldraðra og öryrkja í dag? Staða þeirra, sem eingöngu hafa tekjur frá almannatryggingum er óásættanleg, þar eð þeir geta ekki framfleytt sér á lífeyri almannatrygginga. Þessi hópur aldraðra og öryrkja verður því að treysta á ættingja eða hjálparstofnanir eða neita sér um einhverja mikilvæga útgjaldaliði eins og læknishjálp, lyf eða mat. Þetta láta stjórnvöld viðgangast, þetta sættir Alþingi sig við. Enginn í þjóðfélaginu hreyfir legg né lið til þess að laga þetta ástand. Ráðamenn segja einungis, að það megi ekki hafa lífeyri of háan, þar eð þá verði enginn hvati fyrir lífeyrisfólk að leita sér vinnu. Fjármálaráðherra vill reka sjötuga og áttiræða eldri borgara út á vinnumarkaðinn!

Einhleypur ellilífeyrisþegi, sem hefur eingöngu tekjur frá almannatryggingum, hefur 207 þúsund krónur á mánuði eftir skatt. Húsnæðiskostnaður er 130-160 þúsund krónur á mánuði. Þegar búð er að greiða þann lið er lítið eftir fyrir mat, hreinlætisvörum, fatnaði, samgöngukostnaði, síma, sjónvarpi, tölvukostnaði og gjöfum fyrir barnabörnin. Það er ekki unnt að lifa

lús og raunar ekki unnt að framfleyta sér af henni. Ellilífeyrisþegi, sem er í hjúskap eða sambúð, fær aðeins 185 þúsund krónur á mánuði eftir skatt.

### Miklar skerðingar

Ef eldri borgari hefur 100 þúsund krónur á mánuði úr lífeyrissjóði er staða hans lítið betri en þeirra, sem engan lífeyrissjóð hafa. Skattar og skerðingar eru miklar. Sá sem hefur 100 þúsund krónur á mánuði úr lífeyrissjóði sætir 50 þúsund króna skerðingu lífeyris TR eftir skatt. Samkvæmt tillögum endurskoðunarnefndar almannatrygginga mun skerðingin minnka um 5.400 krónur á mánuði eftir skatt verði tillögurnar samþykktar. Það breytir litlu.

Ef viðkomandi hefur 200 þúsund krónur úr lífeyrissjóði á mánuði verður skerðing óbreytt. Skerðingin er 90 þúsund krónur á mánuði í dag eftir skatt og hún verður áfram 90 þúsund krónur á mánuði eftir skatt verði tillögurnar samþykktar.

Ef eldri borgarinn hefur 100 þúsund króna atvinnutekjur á mánuði sætir hann engri skerðingu í dag, þar eð frítekjumark er 109 þúsund krónur á mánuði en samkvæmt nýju tillögum verður skerðing 45 þúsund á mánuði við þessar atvinnutekjur. Með öðrum orðum: Staðan versnar um 45 þúsund krónur á mánuði. 3ja ára starf við endurskoðun almannatrygginga skilar engu í þessum tilvikum. Og það sem allra verst er: Lífeyrir aldraðra og öryrkja hjá þeim, sem eingöngu hafa tekjur frá TR hækkað ekkert, ekki um eina krónu. Til hvers var leikurinn gerður?

## Fyrsti viðkomustaðurinn, loks endurbætur!



**Þórarinn Ingólfsson**  
f.h. stjórnar  
Félags íslenskra  
heimilislækna

Þegar núverandi heilbrigðisráðherra, Kristján Þór Júlíusson, tók við embætti á vormánuðum 2013 blasti við vond staða heilsugæslunnar í landinu. Skortur var á læknum í heilsugæslu bæði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Þúsundir landsmanna voru án heimilislæknis og hornsteinn heilsugæslunnar, listunin, hafði þynnst út með yfirskráníngu á heilsugæslustöðvar og íbúar þurft að setta sig við lakari þjónustu. Almenn óánægja var með aðgengið að heilsugæslunni og átt hafði sér stað niðurskurður í þjónustunni. Heilbrigðisráðherra ákvað að ráðist skyldi í endurskipulagningu á grunni starfs sem unnið hafði verið í ráðuneytinu af forvera hans, Guðbjarti Hannessyni, með skýrslu sænska ráðgjafarfrirtækisins Boston Consulting.

Kristján tók mið af 3. grein laga um heilbrigðisþjónustu frá 2007 um að stefnt skuli að því að heilbrigðisþjónusta sé ávallt veitt á videigandi þjónustustigi og að heilsugæslan sé að jafnaði fyrsti viðkomustaður sjúklinga. Hann kynnti hugmyndir sínar í Norræna húsinu þann 20. janúar 2014. Í höfuðatriðum ganga endurbæturnar út á að breyta

skipuriti heilsugæslunnar þannig að fagstéttir hefðu meiri áhrif á veitingu þjónustunnar með einum yfirmanni, annaðhvort hjúkrunarfræðingi eða lækni á hverri stöð. Opnað yrði fyrir fjölbreytt rekstrarform í heilsugæslu og áhugasömu starfsfólki gert mögulegt að reka heilsugæslur ef áhugi væri fyrir því. Allir íbúar skyldu vera skráðir hjá heimilislækni sem hefði yfirsýn yfir þeirra mál. Sjúklingar sem líða af langvinnum sjúkdómum skyldu hafa sérstakan tengilið innan stöðvar auk heimilislæknis.

Nýtt fjármögnunarlíkan skal gilda fyrir þjónustuna hvort sem hún yrði veitt af hinu opinbera beint eða með þjónustusamningum við heilbrigðisstarfsfólk. Fjármögnunarlíkanið tekur tillit til sjúkdómabyrði og greitt yrði meira fyrir að sinna þeim er veikastir eru og félagslega verst settir. Einnig verða innleiddir gæðavísar og m.a. hvatar til að stuðla að réttri notkun sýklalyfja, yfirferð lyfjalista o.fl.

### Aukið fjármagn þarf

Síðast en ekki síst ræðst hann í gerð ítarlegrar og samræmdrar kröfúlýsingar varðandi þjónustu heilsugæslustöðva með áherslum á þjónustu við langveika og aldraða og aukið aðgengi fyrir alla. Slíka kröfúlýsingu skal kostnaðargreina skv. lögum og mun þá koma fram raunkostnaðurinn við að veita þjónustuna. Ljóst er að slíkar endurbætur með nýjum videigandi verkefnum sem sinnt verður vel heppnast ekki nema aukið fjármagn komi til. Heil-



**Ljóst er að slíkar endurbætur með nýjum videigandi verkefnum sem sinnt verður vel heppnast ekki nema aukið fjármagn komi til.**

brigðisráðherra og stjórnmalámmönnum öllum er það vel ljóst.

Illa hefur gengið að manna stöður heimilislækna sl. áratug og nýliðun verið ónóg. Heimilislæknar hafa óskað eftir þeim möguleika að reka heilsugæslustöðvar sjálfir og hefur þetta sérstaklega verið ósk sem yngri sérfræðingar hafa sett fram. Þau áform sem nú eru uppi um að gefa heilbrigðisstarfsfólki kost á að koma að rekstri þriggja nýrra heilsugæslustöðva eru því jákvæð að því leyti að ef fjármögnun þjónustunnar er tryggð má búast við því að þetta leiði til betri og aukinnar mönnunar innan heilsugæslunnar og betri og meiri þjónustu við íbúana en áður hefur verið. Rekstrarformið sjálf á ekki að skipta máli fyrir þá sem þjónustuna fá, þjónustukröfum, verðskrá og öðru er stýrt af hinu opinbera.

Við í stjórn Félags íslenskra heimilislækna styðjum endurbætur heilbrigðisráðherra á heilsugæslunni og teljum þær löngu tímabærar og berum þá von í brjósti að heilsugæslan geti staðið undir nafni sem fyrsti viðkomustaðurinn eins og lög segja til um.



## ALLT FYRIR ÚTIVISTINA



19.990

### HAGLÖFS BLISS JACKET

Vatnsheldur regnjakki með góðri öndun. Stór hetta og tveir renndir vasar. Dömu- og herrastærðir.



GOTT VERÐ!  
13.490

### HAGLÖFS CORKER M

Hágæða 18 lítra dagspoki. Opnast á hlið. Mótað bak. Ytra efni og fóður úr endurunnu efni. Þyngd: 820 g.



29.990

### MAMMUT ALTO HIGH

Hágæða GTX gönguskór. Dömu- og herrastærðir.

INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 17. SUN. 13 - 17.

INTERSPORT SELFOSSI / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®



OYSTER PERPETUAL  
DATEJUST 31

  
**ROLEX**  
  
**MICHELSEN**  
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.michelsen.is

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 18. maí 2016

20. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

»2

## Frumherji seldur

Íslensk verðbréf og hópur fjárfesta hafa keypt skoðunarfyrirtækið Frumherja.

»6

## Útboð séu hafin yfir vafa

Forstöðumaður hjá Kauphöllinni segir að passa þurfi að hagsmunarárekstrar verði ekki við skráningar.

»6

## Trúverðugleikavandamál Sí

Lars Christensen segir Seðlabankann glíma við trúverðugleikavanda. Því þurfi að styrkja sjálfstæði bankans.

»7


## Svipmyndin: Lúðvík Geirsson

Nýr hafnarstjóri Hafnarfjarðar hefur yndi af göngutúrum og golfi með fjölskyldunni innan bæjarins.

»8

## Auðmaður í vanda

Stjórnarmaðurinn skrifar um breskan kaupmann, Phillip Green, sem breskir þingmenn vilja svipta riddaratign.



## Fólkið á bak við »4 frambjóðendurna



Þar sem úrvalið  
er af  
sólgleraugum

**Optical Studio**  
SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK



Módel: Hrönn Johannsen  
Gleraugu: Chrome Hearts



## SKJÓÐAN



## Einskiptisliðirnir hverfa og ósiðirnir haldast

**HAGNAÐUR STÓRU BANKANNA** þriggja á fyrsta ársfjórðungi þessa árs er rétt riflega þriðjungur þess sem var á síðasta ári. Samtals högnuðust bankarnir um 9,7 milljarða samanborið við 26,7 milljarða árið 2015. Helsta ástæða þessa hagnaðarsamdráttar er sú að einskiptistekjur, sem hafa borið uppi ofurhagnað bankanna allt frá hrúni, eru hverfandi nú. Bankarnir eru búnir að endurverðmeta þær eignir sem þeir fengu á afslætti frá protabúum gömlu bankanna.

**ÞEGAR GLUGGAD ER Í** ársfjórðungsuppgjör bankanna kemur eitt og annað forvitnilegt í ljós. Heildareignir bankanna þriggja nema riflega 3.150 milljörðum en útlán þeirra eru innan við 2.200 milljarðar. Það er því augljóst að bankarnir eiga enn eignir upp á næstum 1.000 milljarða, sem ekki tengjast hefðbundinni lána-starfsemi. Þetta eru að stofni til fasteignafélög og rekstrarfélög sem stunda virka samkeppni við viðskiptavinum bankanna.

**BANKARNIR** miða afkomu sína við arðsemi eigin fjár (RoE). Það er merkilegt að eigendur bankanna og eftirlitsaðilar skuli leyfa slíkt. Arðsemi eigin fjár gefur mjög villandi mynd af afkomu og áhættu í rekstri banka, eins og glögglega kom í ljós í hrúninu, þegar bankar sem voru með arðsemi eigin fjár upp á 20-30 prósent féllu með braki og brestum á örskömmum tíma.

**MUN NÆR ER AÐ MIÐA VIÐ** arðsemi heildareigna (RoA). Þegar arðsemi heildareigna íslensku bankanna er skoðuð kemur í ljós að hún er um 1 prósent en ekki milli 5 og 7 prósent eins og birtar upplýsingar frá bönkunum gefa til kynna. Þetta atriði skiptir máli því ef einungis er horft til arðsemi eigin fjár en ekki arðsemi heildareigna er að verulegu leyti horft fram hjá áhættunni sem felst í starfsemi banka.

**EIGIÐ FÉ ÍSLENSKU BANKANNA** er hátt um þessar mundir, m.a. vegna þess að FME gerir nú kröfur um hærra eiginfjárhlutfall en áður. Eignir bankanna, sem ekki tengjast hefðbundinni útlánastarfsemi, eru samt sem áður næstum 50 prósentum hærri en eigið fé þeirra. Þessar eignir eru háðar markaðsveiflum með mun beinni hætti en útlánasöfn bankanna og því er mikilvægt að eftirlitsaðilar og eigendur bankanna horfi ekki blint á arðsemi eigin fjár eins og gert var fyrir hrún. Verðsveiflur geta gerbreytt eiginfjástöðu á einni nóttu.

**YFIRLÝST AFÖRM BANKA** um arðgreiðslur til eigenda á komandi árum kunna að færa eigið fé og þá ekki síður handbært fé undir tilskilin mörk. Það er dýrt að liggja með miklu eigið fé og handbært fé á lausu. Þessir þættir hljóta að hafa áhrif á mögulegt söliverð bankanna og vitanlega er þeirri spurningunni ósvarað hverjir eigi að kaupa þrjá íslenska banka.

# 50%

**hækkun orkuverðs**

Talið er að nýr samningur Norðurláns og Landsvirkjunar geti þýtt yfir fimmtíu prósent hækkun orkuverðs vegna tengingar við markaðsverð í Norður-Evrópu. Um þriðjungur af raforku álversins á Grundartanga kemur frá Landsvirkjun. Núgildandi orkusamningur rennur út síðla árs 2019.

# 140

**milljarða fjárfesting**

Warren Buffett upplýsti í gær að fjárfestingarfélag hans hefði keypt hlut í Apple fyrir upphæð sem nemur 140 milljörðum króna. Buffet veigraði sér lengi við því að kaupa hluti í tækni-fyrirtækjum. Hann er þó þekktur fyrir að veðja rétt á fjárfestingar og er fjárfesting hans í Apple því mikilvæg.

### MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFLÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang [ritstjorn@markadurinn.is](mailto:ritstjorn@markadurinn.is) | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** [jonhakon@365.is](mailto:jonhakon@365.is)

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíðumynd **Ljósmyndadeild**

Netfang auglýsingadeildar [auglysingar@markadurinn.is](mailto:auglysingar@markadurinn.is) Veffang [visir.is](http://visir.is)



Einn meginþátturinn í starfsemi Frumherja er skoðun ökutækja. FRÉTTABLAÐID/GVA

## Norðlenskir fjárfestar kaupa Frumherja

Tvö félög í eigu Íslenskra verðbréfa og hóps fjárfesta hafa skrifað undir samning um kaup á Frumherja. Tvö og hálf ár eru síðan Íslandsbanki tók fyrirtækið yfir.

Eignarhaldsfélagið Fergin, sem var í eigu Íslandsbanka, Ásgeirs Baldurs og Orra Hlökkverssonar, hefur undirritað kaupsamning um sölu alls hlutafjár í Frumherja hf. Kaupandi er félag sem heitir SKR1. Það félag er annars vegar í eigu samlagshlutafélagsins Skriðs, sem er félag í rekstri og umsýslu Íslenskra verðbréfa, og hins vegar í eigu Tiberiusar, félags í eigu Andra Gunnarssonar lögmanns, Fannars Ólafssonar, Kristjáns Grétarssonar og Þórðar Kolbeinssonar.

Undir starfsemi Frumherja heyrir ýmis skoðunarstarfsemi, svo sem ökutækja, fasteigna, skipa- og rafmagnsskoðun. Að auki sér Frumherji um framkvæmd ökuþrófa, löggildingu mælitækja og fleira.

DV sagði í febrúar síðastliðnum að kaupverðið á Frumherja yrði líklegast um milljarður króna, miðað

# 80%

**hlutur Frumherja var í eigu dótturfélags Íslandsbanka**

við þau tilboð sem höfðu borist í félagið. Eigendur Frumherja hefðu greitt sér út 425 milljónir króna í arð með því að lækka hlutafé um tæplega þriðjung skömmu áður en Íslandsbanki setti fyrirtækið formlega í söluferli í byrjun þessa árs.

Íslandsbanki eignaðist áttatíu prósent hlut í Frumherja þegar fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækisins lauk í janúar 2014. Á sama tíma lögðu þeir Ásgeir og

Orri fyrirtækinu til nýtt hlutafé og eignuðust samtals 20 prósent. Frumherji hafði áður verið í eigu eignarhaldsfélags Finns Ingólfssonar, fyrrverandi ráðherra, sem keypti það árið 2007.

Nýir eigendur hafa verið nokkuð áberandi í íslensku viðskiptalífi undanfarið. Andri Gunnarsson og Fannar Ólafsson tengjast félaginu Óskabeini sem á 5,89 prósent í Vátryggingafélagi Íslands. Þá voru þeir, ásamt Kristjáni Grétarssyni, í hópi manna sem keyptu Kea-hótelin sumarið 2012.

Íslensk verðbréf voru stofnuð árið 1987 og eiga sér því hartnær þrjátíu ára sögu. Við stofnun hét fyrirtækið Kaupungur Norðurlands, en árið 2000 var núverandi nafn tekið upp. Starfsmenn fyrirtækisins hafa aðstoðuð á Strandgötu á Akureyri. [jonhakon@frettabladid.is](mailto:jonhakon@frettabladid.is)

## Carlsberg setur 11 milljarða króna í EM

Carlsberg er að skipuleggja stærstu íþróttatengdu markaðsherferð sína hingað til, í aðdraganda Evrópu-meistaramótisins í knattspyrnu.

Kostnaðurinn er talinn geta farið upp í allt að 80 milljónir evra eða um 11 milljarða króna, samkvæmt heimildum Bloomberg-fréttastofunnar. Nú þegar hefur Carlsberg varið 20 milljónum evra, um 5,5 milljörðum króna, til þess að tryggja sér einkarétt á bjórauglýsingum á mótinu.

# 5,5

**milljarða króna greiddi Carlsberg fyrir einkaleyfi.**

Markaðsherferðin gengur undir heitinu „Bylting aðdáendanna“ og er beint jafnt að þeim löndum sem taka þátt í keppninni í fyrsta sinn, eins og Wales, Norður-Írlandi,

Íslandi og Albaníu, sem og stærri löndum eins og Þýskalandi, Englandi og Ítalíu.

Evrópumeistaramótið í knattspyrnu fer fram dagana 10. júní til 10. júlí. Mótið er einn stærsti íþróttaviðburður sem fram hefur farið.

„Þetta verður sú stærsta og besta,“ segir Richard Whitty, markaðsstjóri hjá Carlsberg, um markaðsherferðina. Hann vill þó ekki staðfesta upphæðina sem varið verður í hana.

–jhh

### Á döfinni

**Miðvikudagur 18. maí**  
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu.

**REGINN** Afkoma fyrsta ársfjórðungs.

**Fimmtudagur 19. maí**

**HAGSTOFA ÍSLANDS** Samræmd vísitala neysliverðs í apríl 2016.

**REITIR** Afkoma fyrsta ársfjórðungs.

**Föstudagur 20. maí**

**HAGSTOFA ÍSLANDS** Vísitala byggingarkostnaðar fyrir júní 2016.

**Þriðjudagur 24. maí**

**HAGSTOFA ÍSLANDS** Mánaðarleg launavísitala í apríl 2016.

**HAGSTOFA ÍSLANDS** Greiðsluþjónunarvísitala í júní 2016.

**HAGSTOFA ÍSLANDS** Vísitala kaupmáttar launa í apríl 2016.

**HAGSTOFA ÍSLANDS** Vísitala lífeyris-skuldbindinga í apríl 2016.

**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** Viðskipti með atvinnuhúsnæði.

**Miðvikudagur 25. maí**

**HAGSTOFA ÍSLANDS** Kjötframleiðsla í apríl 2016.

**HAGSTOFA ÍSLANDS** Vinnumarkaður í apríl 2016.

**HB GRANDI** Afkoma fyrsta ársfjórðungs.

**Fimmtudagur 25. maí**

**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** Fjöldi útgefinna vegabréfa.

**EIMSKIP** Afkoma fyrsta ársfjórðungs.

**VIÐ LÁTUM ÞAÐ BERAST**

**Post dreifing**

S: 585 8300 | [postdreifing.is](http://postdreifing.is)





# TAKTU SKREFIÐ

SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

NÁMSBRAUTIR Á HAUSTMISSERI  
KYNNINGARFUNDUR Í DAG 18. MAÍ AÐ DUNHAGA 7

## KLUKKAN 17:00

FJÖLSKYLDUMÆÐFERÐ  
– NÁM Á MEISTARSTIGI

LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI  
STAÐNÁM – FJARNÁM

NÁM TIL LÖGGILDINGAR FASTEIGNA-  
OG SKIPASALA  
STAÐNÁM – FJARNÁM

## KLUKKAN 17:30

FJÁRMÁL OG REKSTUR  
STAÐNÁM – FJARNÁM

HUGUR OG HEILBRIGÐI – GERÐU GOTT LÍF BETRA

NÁM Í UNDIRSTÖÐUATRÍÐUM  
HUGRÆNNAR ATFERLISMEÐFERÐAR  
STAÐNÁM – FJARNÁM

VERKEFNASTJÓRNUN OG LEIÐTOGAÞJÁLFUN

## KLUKKAN 18:00

JÁKVÆÐ SÁLFRÆÐI  
DIPLÓMANÁM Á MEISTARSTIGI

VIÐURKENNDUR BÓKARI  
STAÐNÁM – FJARNÁM

FLESTAR NÁMSBRAUTIR ENDURMENNTUNAR ERU LÁNSHÆFAR

NÁMSRÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR:

sími 525 4444  
ENDURMENNTUN.IS

ENDURMENNTUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Á annað þúsund taka þátt í kosninga

Mörg hundruð manns aðstoða frambjóðendur sem notið hafa mests fylgis. Mörg handtök þarf að vinna og allt kosti þetta sitt að sögn þeirra baráttan kosti tugi milljóna en lög um framboðin flækja fjármögnun. Kosningabaráttan 1996 var mun dýrari. Frammistaða í sjónvarpi mun



Húsfyllir var þegar kosningaskrifstofa Guðna Th. Jóhannessonar var opnuð um helgina. MYND/HÁKON BRODER LUND

## Framboð Guðna Th. Jóhannessonar

### Nærri þúsund viljað aðstoða

Þorgerður Anna Arnardóttir, talsmaður framboðs Guðna Th. Jóhannessonar, segir nálægt þúsund manns hafa sett sig í samband við framboðið og óskað eftir að gerast sjálfbodaliðar. „Við erum að byrja að hringja út og virkja þá með okkur.“

Talsvert fyrirtæki er að finna verkefni fyrir og hafa samband við tæplega þúsund manns. Þorgerður hefur þó engar áhyggjur af því. „Auðvitað náum við að virkja allt þetta fólk til að fá alla til að klukka fólk í kringum sig og bera út allt það góða sem við höfum um Guðna að segja,“ segir hún.

„Við erum með góða úthringimaskínu og nestum fólk með okkur vel.“

Þorgerður segir öflugan hóp standa að skipulagi framboðsins. Þau séu þrjú sem hafi átt mestan þátt í að halda utan um framboðið, þar á eftir komi 10-15 manna kjarni og svo stækki hringurinn áfram.

Þorgerður segir endanlega ákvörðun ekki hafa verið tekna um hvort starfsfólki verði greidd laun í kosningabaráttunni. Þá hafi kosningaskrifstofa Guðna var opnuð um helgina og á næstunni taki við hringferð um landið.

#### Við erum að byrja að hringja út og virkja þá með okkur.

Þorgerður Anna Arnardóttir, talsmaður framboðs Guðna Th. Jóhannessonar



Andri Snær Magnason hélt tölu í Frakklandi á sunnudag þegar honum voru afhent frönsku r

## Framboð Andra Snæs Magnasonar

### Atburðarás síðustu vik

Grímur Atlason, kosningastjóri Andra Snæs Magnasonar, segir atburði síðustu vikna ótrúlega. „Þetta er dæmalaus staða, það eru búnar að vera svo margar vendingar,“ segir Grímur um atburðarásina. „Við höfum fengið næstum vikulega eða næstum daglega fréttir sem hafa verið stærsta frétt áratugarins,“ segir Grímur og hlær.

„Frambjóðandinn sem er með langmesta fylgið hefur í raun ekki gert neitt, hann er í rauninni ekki byrjaður,“ segir hann.

„En er þar með sagt að í kosningabaráttu eigir þú ekki að gera neitt?“

#### Við höfum fengið næstum vikulega eða næstum daglega fréttir sem hafa verið stærsta frétt áratugarins.

Grímur Atlason, kosningastjóri Andra Snæs Magnasonar



Davíð ræddi við stuðningsmenn sína við opnun kosningaskrifstofu sinnar á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Framboð Davíðs Oddssonar

### Undirskriftasöfnunin tók á

Erla Guðmundsdóttir, fjölmiðlafulltrúi framboðs Davíðs Oddssonar, segir skipulagningu framboðsins í fullum gangi. Síðasta vika hafi farið í að safna undirskriftum, enda hafi aðeins fimm dagar verið til stefnu á sunnudaginn, þegar framboðið var tilkynnt, þar til frestur til að skila undirskriftum í flestum kjördæmum rann út á föstudaginn. „Það var mjög knappur tími sem við höfðum þannig að fyrstu dagarnir fóru í það,“ segir hún.

Nú sé verið að skipuleggja ferð um landið. Davíð fari um Norðurland um næstu helgi og til Vest-

mannaeyja á mánudaginn til að hitta kjósendur.

„Ég held að það sé mjög miklu máli, að ferðast um landið og ræða við fólk. Ég held að það sé mjög mikilvægur þáttur í þessu og hann hefur alltaf farið þannig að, að ræða augliti til auglitis við fólk, þannig að ég held að honum þyki sú aðferð góð.“

Þá sé verið að fara yfir og ræða hvernig haga eigi baráttunni, hverslags viðburðir eigi að vera í kosningamiðstöðinni og með hvaða hætti eigi að auglýsa og svo framvegis.

#### Ég held að það sé mjög mikilvægur þáttur í þessu og hann hefur alltaf farið þannig að, að ræða augliti til auglitis við fólk.

Erla Guðmundsdóttir, fjölmiðlafulltrúi framboðs Davíðs Oddssonar

Erla segir hundruð einstaklinga hafa sett sig í samband við framboðið og óskað eftir að gerast sjálfbodaliðar. „Við fáum símtöl á hverjum degi,“ segir hún.



Halla Tómasdóttir ásamt stuðningsmönnum þegar hún lýsti því yfir að hún hygðist bjóða sí

## Framboð Höllu Tómasdóttur

### Það fer enginn einn í fo

„Það gerir þetta enginn einn,“ segir Vigdís Jóhannsdóttir, kosningastjóri Höllu Tómasdóttur.

Vigdís segir þéttasta kjarnann í kringum framboð Höllu vera rúmlega hundruð manns og enn fleiri komi að framboðinu með einum eða öðrum hætti. Það séu mörg handtök sem þurfi að vinna. „Það er munur á framboði eins og þessu og því að vera í þingkosningum, þar sem þú ert með maskínu sem þú setur bara af stað,“ segir hún.

„Þó þú eigir sterkt tengslanet þarf að virkja ofboðslega mikið af fólk, hringinn í kringum landið.“

Framan af hafi vinnan farið í að leggja grunn að öllu efni og safna undirskriftum. „Undirskriftir eru heljarinnar verkefni, því það er svo mikil handavinna í kringum þetta, það þarf allt að vera ljósritað og flokkað, svo þarf að bóka á fundi, halda utan um dagskrá, aðstoða við greinaskrif, vinna að samfélagsmiðlum,“ segir Vigdís.

„Við leggjum af stað með framboðanda sem er nánast óþekktur á Íslandi og þá þarf lengri tíma til að koma henni að, Panamaskjöl, Sigmundur og annað er aðeins búið að taka pláss í fjölmiðlum, það þarf



Tveir réttanna sem boðið verður upp á næsta laugardag. Vinstra megin er Sarma, sem eru vínviðarlauf fyllt með grjónum. Hægra megin er Mercimek köftesi sem er bragðmikið linsubaunapaté.

## VEISLA FYRIR ÖLL SKYNFÆRIN

Tyrkneska kaffihúsið Horizon Cafe verður sett á fót næsta laugardag þegar Guðríðarhátíð Söngfjeldsins fer fram á Seltjarnarnesi. Boðið verður upp á sæta og bragðmikla tyrkneska rétti og verður úrvalið gott og verðinu stillt í hóf.

Guðríðarhátíð Söngfjeldsins verður haldin í Læknaminjasafninu á Seltjarnarnesi næsta laugardag þar sem boðið verður upp á tónlistar- og fjölmennarleggt ferðalag á slóðir Guðríðar Símonardóttur og annarra Íslendinga sem rænt var héðan í Tyrkjaráninu árið 1627.

Tónlistin verður fyrirferðarmikil á hátíðinni þar sem unnið er með samhljóm í íslenskri og arabískri tónlist en matargerðin fær líka sitt pláss. Sett verður upp tyrkneskt kaffihús, Horizon Cafe, undir stjórn Derya Özdilek, formanns Horizon – menningarfélags múslima, þar sem gestum verður boðið upp á úrval gómsætra rétta og drykkja. „Við höfum reglulega slegið upp tyrknesku kaffihúsi á viðburðum félagsins og þau hafa alltaf slegið í gegn. Um helgina ætlum við að bjóða upp á fjóra sæta eftirrétti og sex bragðmikla aðalrétti.“

Eftirréttirnir sem boðið verður upp á eru allir mjög vinsælir í Tyrklandi að sögn Derya. „Þrír

**”** Sannarlega bragðgóðir og skemmtilegir réttir fyrir flesta Íslendinga.

Derya Özdilek



þeirra innihalda sýróp og sá fjórði er búinn til úr mjólk og hrísgrjónum. Sannarlega bragðgóðir og skemmtilegir réttir fyrir flesta Íslendinga.“

### VEL KRYDDAÐIR

Íslendingar kunna einnig vel að meta aðalréttina sem í boði verða að sögn Derya. „Þessir réttir hafa verið mjög vinsælir á viðburðum okkar undanfarið. Við munum t.d. bjóða upp á Sarma, sem eru vín-

viðarlauf fyllt með hrísgrjónum. Annar ljúffengur og vinsell réttur er Mercimek köftesi, sem er nokkurs konar linsubaunapaté. Þar nota ég sérválin tyrknesk krydd, búlgúr og rauðar linsubaunir. Einnig munum við bjóða upp á tvær gerðir af salati, einn brauðrétt og ljúffenga súpu sem borin er fram með brauði. Allt vel kryddaðir og spennandi réttir.“

Fjölmarginir viðburðir verða á hátíðinni. Meðal þeirra er fyrirlestur Steinunnar Jóhannesdóttur rithöfundar um ferðalag Guðríðar, flutt verður frásögn afkomanda Grindavíkurfjölskyldunnar sem einnig var rænt ásamt söng- og dansatriðum þar sem Megas og Ragnheiður Gröndal munu m.a. koma fram.

Hátíðin stendur yfir frá klukkan 12.30 til 18.00 næsta laugardag. Hægt er að kaupa sérstakan hátíðarmiða á 1.500 kr. fram til kl. 15 sem gildir á alla viðburði dagsins. Eftir það kostar miðinn 2.000 kr. Ókeypis aðgangur er fyrir börn, eldri borgara, öryrkja og forsetaframbjóðendur. [starri@365.is](mailto:starri@365.is)

**Nánari upplýsingar má finna á Facebook undir Guðríðarhátíð Söngfjeldsins.**



Derya Özdilek eldar fyrir Horizon Cafe næsta laugardag. MYNDR/ANTON BRINK



Veglegt sérblað um

## EM í Frakklandi

kemur út 1. júní

Fyrir auglýsingar eða kynningar hafið samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson  
Sími 512-5429  
[jonivar@365.is](mailto:jonivar@365.is)

Atli Bergmann  
Sími 512-5457  
[atlib@365.is](mailto:atlib@365.is)

Bryndís Hauksdóttir  
Sími 512-5434  
[bryndis@365.is](mailto:bryndis@365.is)

Jóhann Waage  
Sími 512-5439  
[johannwaage@365.is](mailto:johannwaage@365.is)

# Plokkfiskur

hollur kostur á 5 mín.



Ynja Mist opnar sína aðra einkasýningu, Kaf, á laugardaginn í Galleríi Tukt. MYND/ANTON BRINK

## MÁLAR HAFIÐ OG ER HUGFANGIN AF ÞVÍ

**Ynja Mist Aradóttir** hefur teiknað og málað frá því hún man eftir sér. Hún opnar sína aðra einkasýningu á laugardaginn í Galleríi Tukt.

Sýningin Kaf er önnur einkasýning Ynju Mistar Aradóttur og verður hún opnuð næstkomandi laugardag klukkan fjögur í Galleríi Tukt. Ynja er aðeins nítján ára gömul og útskrifaðist sem stúdent af myndlistabraut FG í desember síðastliðnum.


Undanfarið hefur myndlist Ynju einkennst af því að vera innblásin af hafinu. Hún hefur verið að rannsaka liti, form, tilfinningar og fleira sem finnst í sjónum. „Myndirnar mínar eru expressjónískar, þær eru ekki mjög hlutbundnar og oft út í abstrakt en mér finnst sjórinn líka vera abstrakt expressjónískur í eðli sínu, veður og jörð móta hann í sameiningu. Ég hef mikinn áhuga á hafinu og vatni yfirhöfuð sem viðfangsefni. Vatn er svo útreiknanlegt, svo mörg form sem þetta eina efni getur mótað. Ég nota mikið bláa og græna liti enda eru það aðallitirnir í sjónum en líka appelsínugulan og rauðan, þeir eru mest áberandi litirnir í myndunum mínum,“ lýsir Ynja.

Kaf verður önnur einkasýning Ynju en sú fyrri, Heimshaf, var haldin í febrúar síðastliðnum. Sýningin gekk að sögn Ynju vonum frammar og eftir hana var mikill meirihluti verkanna seldur. Þessi mikli áhugi og eftirspurn hvatti hana til þess að skipuleggja næstu sýningu strax.

Í verkum hennar felst einnig boðskapur um mengun sem er henni afar mikilvægt málefni. „Ég mála sjóinn og reyni þar að koma fallegri tilfinningu á framfæri en ég mála líka ruslið í sjónum til að koma að þeim boðskap að fólk minnki mengun. Á fyrri sýningunni minni var ég með 25 lítill vatnslitamálverk og þau áttu að sýna fallegu hliðina á sjónum og mismunandi hliðar hans. Svo var ég með þrjú stór olíumálverk sem áttu að vera nokkurs konar ádeila, að fólk yrði leitt þegar það horfði á þau. Nafn sýningarinnar, Kaf, er margrætt og vísar í að ég er að fara á kaf í viðfangsefnið og líka



Ynja málar mikið með vatnslitum en hún mun einnig sýna verk unnin með blandaðri tækni, skissur og fleira á sýningunni í Galleríi Tukt.



Ynja notar mest bláa og græna liti enda litir hafsins en líka appelsínugula og rauða.

að rusl fer á kaf í sjóinn og það sér það enginn nema hann fari á kaf.“

Ynja málar mikið með vatnslitum en hún mun einnig sýna verk unnin með blandaðri tækni, skissur og fleira á sýningunni í Galleríi Tukt. „Ég geri mikið af vatnslitamýndum en ég geri líka mikið af tilraunum og blanda annarri tækni við vatnsliti. Stundum geri ég líka eitthvað allt annað, það fer bara eftir því hvað mér dettur í hug. Ég skrifa líka mjög mikið og verð með

alls konar skissur og fleira á sýningunni þó það sé kannski þínulítið óþægilegt að opna þannig inn á sig. Mér finnst það oft áhugaverðara að sjá heildarmyndina, ekki bara verkin og það sem listamaðurinn gerir heldur líka það sem hann hugsar,“ segir Ynja og brosir. [liljabjork@365.is](mailto:liljabjork@365.is)

**Hægt er að fylgjast með Ynju á Facebook undir nafninu Ynja Art og á Instagram, ynjaart.**

VEIÐIKORTIÐ

Eitt kort  
35 vötn  
6.900 kr

Frelsi til að veiða!



[www.veidikortid.is](http://www.veidikortid.is)



**SPORTIS**

FAGLEG OG PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA!

MÖRKIN 6 / 108 REYKJAVÍK / S:520-1000 / [SPORTIS.IS](http://SPORTIS.IS)

**FÓLK ER KYNNINGARBLAD** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnar efni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir**, [solveig@365.is](mailto:solveig@365.is), s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir**, [vera@365.is](mailto:vera@365.is), s. 512 5357 | Sölu menn: **Atli Bergmann**, [atlib@365.is](mailto:atlib@365.is), s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir**, [bryndis@365.is](mailto:bryndis@365.is), s. 512 5434, **Jóhann Waage**, [johannwaage@365.is](mailto:johannwaage@365.is), s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson**, [jonivar@365.is](mailto:jonivar@365.is), s. 512 5429

## BÍLAR & FARARTÆKI



Stofnóð 1974

### Bílamarkaðurinn



PEUGEOT 5008. Árgerð 2012, ekinn 67 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 2.990.000. Rnr.108721.BILAMARKADURINN.IS 5671800



M.BENZ Vito 9manna. Árgerð 2006, ekinn 275 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.233057. BILAMARKADURINN.IS 5671800

Bílamarkaðurinn  
Smíðjuvegi 46E, Kópavogi  
Sími: 567 1800

## Toyota Kaupúni



TOYOTA Auris ts w/g live diesel. Árgerð 2015, ekinn 6 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 3.250.000. Rnr.990189.



TOYOTA Gt86 sport. Árgerð 2014, ekinn 12 P.KM, bensín, 6 girar. Verð 5.990.000. Tilboð 4.790.000 Rnr.990094.



TOYOTA Land cruiser 150 vx aukasæti. Árgerð 2013, ekinn 117 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.930.000. Rnr.990233.

Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6, 210 Garðabær  
Sími: 570 5070  
www.toyotakaupuni.is

## KRÓKUR



KRÓKUR  
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur  
Sími: 522 4600  
http://www.krokur.net

## VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka  
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík  
Sími: 567 6700  
24 tíma þjónusta  
http://www.vakahf.is

## SUZUKI



Suzuki fjörgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

SUZUKI UMBODIÐ ehf  
Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
Sími: 565-1725  
suzuki@suzuki.is  
Suzuki.is / suzukisport.is

# SKRÁÐU FRÍTT! SELDU SKIPTU ÓDÝRARI DÝRARI STÆRRI SMÆRRI

ÞÁÐU OKKAR AÐSTOÐ  
Í ÞÍNUM BÍLAVIÐSKIPTUM

## BORGARBÍLASALAN

580 8900 - FUNAHÖFÐA 1 - BORGARBÍLASALAN.IS

# GÓÐIR Í SUMAR



AUDI A3 sedan 140 hö.  
Árgerð 2014, ekinn 19 P.KM, bensín, sjálfskiptur. **Ásett verð 4.4490**  
**Tilboð 3.990.000.** Rnr.114908.




FORD F350 platinum.  
Árgerð 2016, nýr dekk, dísel, sjálfskiptur.  
**Verð 10.879.000. verð án vsk með vsk 13.490** Rnr.211448.



AUDI Tt.  
Árgerð 2007, ekinn 63 P.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 3.490.000.** Rnr.330381.



MERCEDES-BENZ E 250 avantgarde cdi.  
Árgerð 2013, ekinn 11 P.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 6.490.000.** Rnr.210779.




SKODA Superb ambition 170 hö.  
Árgerð 2013, ekinn 80 P.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar.m/leðurinnréttingu  
**Verð 4.390.000.** Rnr.115229.



SKODA Octavia combi ambition 1.6 tdi 4x4. Árgerð 2014, ekinn 75 P.KM, dísel, 6 girar. **Verð 3.180.000.** Rnr.115063.



MINI One countryman.  
Árgerð 2012, ekinn 25 P.KM, bensín, beinskíptur. **Verð 3.490.000.** Rnr.211335.



BMW X5 4.8is.  
Árgerð 2007, ekinn AÐEINS 17 P.KM, bensín, sjálfskiptur 6 girar. **Verð 5.490.000.**Einn eigandi Rnr.115225.



MERCEDES-BENZ A 250 amg.  
Árgerð 2014, ekinn aðeins 9 P.KM, bensín, sjálfskiptur. **TILBOÐ 5.990.**  
**Ásett verð 6.490** Rnr.211295.



LEXUS Rx300.  
Árgerð 2005, ekinn 45 P.KM, bensín, sjálfskiptur 5 girar. **Verð 3.280.000.**  
Einn eigandi Rnr.211384.

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS

## BÍLAHÖLLIN

BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-15 • Lokað sunnudaga.  
Sími utan opnunartíma • S. 861 2165



TOYOTA Land cruiser 100 vx.  
Árgerð 2005, ekinn 211 P.KM, dísel, sjálfskiptur 5 girar.topp viðhald  
**Verð 4.750.000.** Rnr.211426.



AUDI Q7 quattro.  
Árgerð 2007, ekinn 112 P.KM, bensín, sjálfskiptur 6 girar.**Verð 3.690**  
**Tilboð 2.950.000.** Rnr.211425.



BMW R 1200 gs adventure.  
Árgerð 2012, ekinn 12 P.KM, bensín, 6 girar.eins og nýtt **Verð 3.490.000.** mikið af aukahlutum Rnr.115227.



## Bílafjármögnun Landsbankans



# Baráttunni

sem kom að framboðunum. Búist er við að kosninga-  
þó skipta mestu máli að mati almannatengils.



Þriðjónfundaverðlaunin Grand Prix de l'Imaginaire í flokki visindasagna fyrir bókina LoveStar.

## na verið fordæmalaus

Grímur segir framboðið hafa staðið að mörgum viðburðum. „Það hefur gengið mjög vel, þó ég segi sjálfur frá. Allt sem við höfum ætlað að gera höfum við gert. Við byrjuðum í Þjóðleikhúsinu og yfirfylltum það algjörlega, það var setið í öllum tröppum og staðið frammi, við náðum þar 900 manns.“

Þá hafi verið ferðast víða, Andri Snær hafi farið hringinn til að hitta kjósendur til Danmerkur og nú síðast til Frakklands þar sem hann tók á móti bókmenntaverðlaunum fyrir bókina LoveStar.

Hann segir stefnt á að hafa fjölda

menningartengdra viðburða næstu vikur. „Gleði og líf og málefni, það er það sem við lögðum upp með og erum enn að gera.“

Um hundrað manns hafa komið að kosningabaráttu Andra Snæs Magnasonar með einum eða öðrum hætti og ríflega 300 manns hafa óskað eftir því að verða sjálfboðaliðar, að sögn Katrínar Bessadóttur, fjölmiðlafulltrúa framboðsins. Um tíu manna hópur komi að daglegum rekstri kosningabaráttunnar. Þá fá tveir starfsmenn laun í tvo mánuði auk þess sem aðrir fá greitt fyrir minni verkefni.



g fram til forseta Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## orsetaframboð

●● Við leggjum af stað með framboðanda sem er nánast óþekktur á Íslandi og þá þarf lengri tíma til að koma henni að.

Vigdís Jóhannsdóttir, kosningastjóri Höllu Tómasdóttur



bara mikinn tíma,“ segir hún. Að hámarki má verja um 37,5 milljónum króna í kosningabaráttuna. „Þær eru ansi fljótar að fara, bara þegar kíkt er á verðskrá á auglýsingum og annað, við höfum nánast ekkert auglýst. Bara kostnaður inn, ef þú vilt gera lítið dreifibréf til að dreifa í öll hús á landinu, er upp á tvær til þrjár milljónir þó þú gerir það sjálfur í Word,“ segir hún. Vigdís segir upphaf kosningabaráttunnar hafa verið fjármagnað. „En það á held ég eftir að fjármagna endasprenntinn, fyrir auglýsingar og annað.“

# Framboðin 1996 kostuðu 329 milljónir

Árið 1996, í síðustu kosningum þar sem sitjandi forseti var ekki í kjöri, nam heildarkostnaður framboðenda 329 milljónum króna, uppreiknað á verðlagi apríls síðastliðins. Framboð Ólafs Ragnars Grímssonar kostaði 102 milljónir króna, uppreiknað á núverandi verðlagi. Framboð Ástþórs Magnússonar kostaði 98 milljónir, framboð Péturs Kr. Hafstein 87 milljónir og framboð Guðrúnar Agnarsdóttur kostaði 42 milljónir króna.

Í dag má forsetaframboð ekki kosta meira en 37,5 milljónir króna og hámarksframlag frá hverjum lögðila eða einstaklingi er 400 þúsund krónur. Eftir kosningarnar þarf að skila inn uppgjöri til Ríkisendurskoðunar þar sem upplýsa þarf um hvaða lögðilar styrktu framboðið og framlög einstaklinga um meira en 200 þúsund krónur. Í síðustu forsetakosningum, árið 2012, var framboð Þóru Arnórsdóttur dýrasta framboðið, kostaði 17,3 milljónir króna uppreiknað en framboð Ólafs Ragnars kostaði 7 milljónir króna.

Andrés Jónsson almannatengill segir talsverða vinnu fölgna í að safna háum fjárhæðum í kosningasjóði. „Þó þú getir fengið einstaka auðmenn til að gefa 400 þúsund og svo gefur fyrirtæki viðkomandi líka 400 þúsund.“ Reglurnar séu orðnar mun þrengri en þær voru árið 1996.

Andrés segir að til þess að safna fé fyrir kosningabaráttu þurfi oft að hafa efnað fólk eða áberandi forstjóra til að geta náð sambandi við annað efnað fólk á jafningjagrundvelli. „Þú verður að fá einhverja sem eru líka ríkir eða líka áberandi stórforstjórar eða annað til þess að nálgast þetta fólk. Það skiptir miklu máli

að vera með lið sem er með mikinn aðgang að fyrirtækjum eða vel efnuðum einstaklingum, það gerist eiginlega ekki öðru vísi,“ segir hann.

Andrés segir að þótt það sé jákvætt skref að gefa þurfi upp hverjir styrki framboðendur og stjórnmalaflokka hafi það dregið úr vilja fyrirtækja til að styrkja stjórnmalastarf. Því veltir Andrés því upp hvort ekki ætti að styrkja forsetaframboðendur úr ríkissjóði líkt og gert er í tilfelli stjórnmalaflokka en í leiðinni fjölga nauðsynlegum fjölda undirskrifta sem þyrfti til að bjóða sig fram.

### Baráttan ráðist helst í sjónvarpi

Andrés segir kosningabaráttuna fyrst og fremst ráðast í sjónvarpi en ekki á framboðsfundum eða hringferðum um landið. „Þetta er beisklí tímaeyðsla að vera að halda einhverja opna fundi, það koma örfáir og það fer rosaleg orka í að smala á þessa fundi,“ segir hann.

„Þórudagurinn er dæmi um eitt hvað sem bæði kom illa út og var örugglega of mikil fyrirhöfn,“ segir Andrés sem aðstoðaði við forsetaframboð Þóru Arnórsdóttur árið 2012. Þóra hafði forskot í skoðanakönnunum í upphafi kosningabaráttunnar en að lokum vann Ólafur Ragnar með 53 prósentum atkvæða en Þóra endaði með 33 prósentu fylgi. „Mín meginskýring var að hún var ekki vön því að vera framboðandi í stjórnmalabaráttu og Ólafur Ragnar breytti þessu í alvöru töff stjórnmalabaráttu,“ segir Andrés.

„Það sem skiptir fyrst og fremst máli er hvernig framboðendur koma fyrir í sjónvarpi,“ segir hann. Sigmundur Davíð hafi fallið sem for-

### Kostnaður við framboð 1996\*

	Milljónir króna
Ólafur Ragnar Grímsson	102
Ástþór Magnússon	98
Pétur Kr. Hafstein	87
Guðrún Agnarsdóttir	42
<b>Samtals</b>	<b>329</b>

### Kostnaður við framboð 2012\*

Þóra Arnórsdóttir	17,3
Ólafur Ragnar Grímsson	7
Ari Trausti Guðmundsson	1,9
Herdís Þorgeirsdóttir	1,3
Hannes Bjarnason	1,6
Andrea Ólafsdóttir	undir 0,4
<b>Samtals</b>	<b>29,1**</b>

\*Uppreiknað á verðlagi apríl 2016.

\*\*Upphæðin er án kostnaðar við framboð Andreu Ólafsdóttur

●● Það skiptir miklu máli að vera með lið sem er með mikinn aðgang að fyrirtækjum eða vel efnuðum einstaklingum, það gerist eiginlega ekki öðru vísi.

Andrés Jónsson, almannatengill



sætisráðherra í sjónvarpsviðtali við sænska ríkissjónvarpið og hugsanlega Ólafur Ragnar í viðtali við CNN þegar hann neitaði því að hann eða fjölskylda hans hefðu tengsl við af landsfélög. „Bjarni Ben bjargaði sér í sjónvarpi. Það er hægt að taka mörg dæmi bara úr íslenskri pólitík.“



Guðrún Eva Gunnarsdóttir, fjármálastjóri Haga

Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar

Herdís Gunnarsdóttir, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Ingvar Már Gíslason, markaðsstjóri Norðlenska

# TAKTU FRUMKVÆÐI AÐ EIGIN FRAMA

KYNNINGARFUNDUR UM MBA-NÁM HÁSKÓLA ÍSLANDS

Mánudaginn 23. maí verður kynningarfundur MBA-námsins í Háskóla Íslands. Fundurinn verður haldinn í stofu 101 á Háskólatorgi kl. 12:10–12:50.

Magnús Pálsson forstöðumaður MBA-námsins kynnir námið og fyrirkomulag þess og Guðmundur Arnar Þórðarson MBA 2016 og vörustjóri hjá RB segir frá reynslu sinni af náminu.

Skráning fer fram á mba.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS | MBA  
www.mba.is

Frestur til að sækja um MBA-nám rennur út 25. maí

## Hlutabréfaútboð – hvert skal stefna?



### Markaðir

**Baldur Thorlacius**  
forstöðumaður  
eftirlitssviðs  
Nasdaq Iceland

Endurreisn íslensks hlutabréfmarkaðar hefur að flestu leyti gengið mjög vel, en frá og með árinu 2009 hafa 12 félög verið skráð í Kauphöllina og alls hafa um 90 milljarðar króna safnast í hlutafjárútboðum í aðdraganda skráninga. Þrátt fyrir að útboðin hafi verið árangursrík á flesta mælikvarða hefur nokkur gagnrýni fylgt framkvæmd þeirra, m.a. á grundvelli þess að seljandi í flestum útboðunum, eða tengdur aðili, hefur haft umsjón með gerð lýsingar sem og framkvæmd útboðsins.

Í þeirri stöðu felast hagsmunarárekstrar. Greint hefur verið frá slíkum hagsmunum í lýsingu, en hugsanlega hefði mátt ganga lengra. Þegar útboð eru framkvæmd við hagsmunarárekstra mun seint ríkja fullkomið traust til þeirra, óháð því hversu vel er að þeim staðið. Slík tortryggni hlýtur að einhverju leyti að skila sér í lakari niðurstöðu og getur grafið undan trausti á fjármálamarkaði.

Hérlandis hafa kjölfestu- og fagfjárfestar að jafnaði keypt í lokuðum útboðum í aðdraganda almenns útboðs, gjarnan með afslætti. Mál-efnalegar ástæður geta verið fyrir slíku fyrirkomulagi, en afslættir til valinna aðila hafa þó ekki verið til þess fallnir að efla trúverðugleika markaðarins.

Í nýlegri kynningu sem Kauphöllin sótti stærði einn stærsti fjárfestingarbanki Norðurlanda sig af því að hafa að jafnaði selt fagfjárfestum í aðdraganda almenns útboðs á verði sem var nærri eða í efri mörkum þess verðbils sem almennum fjárfestum stóð síðar til boða. Engin þörf virtist hafa verið á því að veita slíkum aðilum afslætti, eins og tíðkast hefur hér á landi.

Kom fram að þetta þætti jákvætt þar sem aukið gagnsæi í verðmyndun í aðdraganda útboðs, þar sem söluverð endurspegladi raunverulegt mat á virði hlutabréfanna, skapaði traust meðal annarra fjárfesta – sem skilaði sér að lokum í betri niðurstöðu. Bendir þetta til þess að jafnræði meðal fagfjárfesta

og almennra fjárfesta sé ákveðið keppikefli norrænna fjárfestingarbanka.

Í sömu kynningu var talsverð áhersla lögð á að girða fyrir hugsanlega hagsmunarárekstra, meðal annars með því að fá nokkra mismunandi aðila að hverju verkefni. Þannig sjái a.m.k. tveir fjárfestingarbankar í sameiningu um sölu hlutabréfanna og tengd verkefni, en aðrir aðilar leiði gerð lýsingar. Slíkt fyrirkomulag er mjög algengt á Norðurlöndunum.

**Í nýlegri kynningu sem Kauphöllin sótti stærði einn stærsti fjárfestingarbanki Norðurlanda sig af því að hafa að jafnaði selt fagfjárfestum í aðdraganda almenns útboðs á verði sem var nærri eða í efri mörkum þess verðbils sem almennum fjárfestum stóð síðar til boða. Engin þörf virtist hafa verið á því að veita slíkum aðilum afslætti, eins og tíðkast hefur hér á landi.**

Umgiörðin er öll sniðin að því að engan höggstað megi á henni finna, þannig að hafið sé yfir vafa að öllum úrræðum hafi verið beitt til þess að ná sem hagfelldastri niðurstöðu, með gagnsæi og jafnræði að leiðarljósi. Traust er talin forsenda fyrir góðri þátttöku fjárfesta og farsælli skráningu á markað.

Við losun fjármagnshafna er ekki víst að þátttaka innlendra aðila í hlutafjárútboðum hér á landi verði jafn auðsött og hún hefur verið, þar sem fleiri erlendir fjárfestingarkostir verða í boði. Á móti skapast umtalsverð sóknartækifæri í aukinni þátttöku erlendra fjárfesta á íslenskum hlutabréfmarkaði. Til þess að fullnýta þau tækifæri og efla traust almennings á markaðnum gætu íslenskir aðilar þurft að tileinka sér nýja starfshætti, en visbendingar eru um að erlendir fjárfestar geri ríkari kröfur um framkvæmd útboða heldur en þeir íslensku hafa gert til þessa. Gömlu aðferðirnar hafa að mörgu leyti skilað ágætis niðurstöðu, en það kann að vera kominn tími til þess að markaðurinn taki næsta skrefið í þroskaferli sínu.

## Sagði hryðjuverkamenn gleðjast yfir BREXIT



David Cameron, forsætisráðherra Breta, ávarpaði Alþjóðaefnahagsráðið (World Economic Forum) í Lundúnum í gær. Í ræðu sinni ræddi Cameron meðal annars fyrirhugaða þjóðaratkvæðagreiðslu um útgöngu Breta úr Evrópusambandinu. Sagði hann að hryðjuverkamenn Íslamska ríkisins myndu fagna útgöngu. FRÉTTAHLAÐIÐ/EPA

# Vextir eru háir á Íslandi af því að peningamálastefnan er of slök



### Lars Christensen

alþjóðahagfræðingur

Nei, ég gerði ekki mistök í fyrirsögninni. Ég held að ástæðan fyrir því að íslenskir vextir eru svo hlutfallslega háir sé að peningamálastefnan á Íslandi sé of lausbeisluð. Ég skal útskýra þetta.

Oft hugsar fólk – og því miður flestir seðlabankastjórnar líka – um peningamálastefnu með hliðsjón af nafnvöxtum. Réttara væri hins vegar að hugsa um peningamálastefnu út

frá framboði og eftirspurn eftir peningum, eða öllu heldur væntingum um peningaframboð og -eftirspurn í framtíðinni.

Í raun stjórnar Seðlabankinn ekki stýrivöxtunum. Heldur endurspeglar stýrivextirnir væntingar um hagvöxt og verðbólgu. Þannig að ef við höfum háar verðbólguvæntingar fáum við háa stýrivexti.

### Seðlabankinn á við trúverðugleikavanda að stríða

Opinberlega stefnir Seðlabankinn að 2,5% verðbólgu. En eigin könnun Seðlabankans á væntingum aðila á skuldabréfamarkaði, sem var birt í síðustu viku, sýndi að ekki er búist við að Seðlabankinn standi við 2,5%. Aðilar á skuldabréfamarkaði búast við því að verðbólgan verði 3,5% að meðaltali næstu tíu árin. Þetta er sláandi andstæða við aðra hluta Evrópu þar sem verðbólguvæntingar eru vel undir 2%.

Það eru ýmsar ástæður fyrir trú-

verðugleikavanda Seðlabankans en í mínum huga endurspeglar þetta vandamál fyrst og fremst það sem hagfræðingar kalla vandamál vegna ósamkvæmni í tíma, sem er nátengt því hvernig íslenski vinnu- markaðurinn virkar.

Í meginatriðum þýðir ósamkvæmni í tíma að það sé ósamkvæmni á milli þess sem Seðlabankinn segir í dag að hann muni gera og þess hvaða peningamálastefna verði „hagkvæmust“ á næsta ári. Ef Seðlabankinn getur sannfært aðila vinnu- markaðarins um að samþykka litlar launahækkningar – af því að Seðlabankinn lofar lágru verðbólgu – þá hefur Seðlabankinn, þegar samið hefur verið um litlar launahækkningar, hvata til að slaka á peningamálastefnunni til að draga úr atvinnuleysi.

Aðilar vinnu- markaðarins gera sér auðvitað grein fyrir þessu og taka það með í reikninginn þegar þeir gera kjarasamninga. Þetta sést býsna

**Það er því augljóst að Seðlabankinn á við alvarlegan trúverðugleikavanda að stríða og þess vegna eru verðbólguvæntingar of háar, sem er aðalástæðan fyrir því að stýrivextir á Íslandi eru háir. Svo ef þið viljið sjá lægri stýrivexti ættuð þið ekki að áfella Seðlabankann.**

vel í nýlegum kjarasamningum bæði í einkageiranum og þeim opinbera á Íslandi. Þar sem allir búast við meiri verðbólgu í framtíðinni en Seðlabankinn stefnir að er ekki nema eðlilegt að bæði verkafélög og atvinnurekendur samþykki „óábyrga“ kjarasamninga. Þeir vænta þess jú að Seðlabankinn

blási út hagkerfið til að lækka kaupmáttinn.

### Ekki áfella Seðlabankann fyrir háa stýrivexti

Það er því augljóst að Seðlabankinn á við alvarlegan trúverðugleikavanda að stríða og þess vegna eru verðbólguvæntingar of háar, sem er aðalástæðan fyrir því að stýrivextir á Íslandi eru háir. Svo ef þið viljið sjá lægri stýrivexti ættuð þið ekki að áfella Seðlabankann. Þið ættuð að spyrja ykkur hvers vegna Seðlabankinn á við trúverðugleikavanda að glíma.

Til að takast á við þennan trúverðugleikavanda held ég að við þurfum að styrkja sjálfstæði Seðlabankans (kannski líka að breyta markmiðum hans), gera aðila vinnu- markaðarins ekki bara ábyrga fyrir launahækkunum heldur þurfi þeir einnig að tryggja aukna atvinnu, og sennilega þyrfti að bæta húsnæðislanakerfið líka.



## ÓLÖF SNÆHÓLM BALDURSDÓTTIR



## Frá Landsbjörg til Orkuveitu

Ólöf Snæhólm Baldursdóttir hefur verið ráðin í starf upplýsingafulltrúa hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Ólöf var einn 125 umsækjenda um starfið og mun hún einkum starfa fyrir Veitur, dótturfyrirtæki OR.

Rekstur Veitna er umfangsmikill. Hitaveitur Veitna þjóna um þremur af hverjum fjórum landsmönnum og Veitur reka einnig rafveitur, vatnsveitur og fráveitur víða á sunnan- og vestanverðu landinu.

Ólöf hefur starfað hjá Slysvarnafélaginu Landsbjörg í rétt tæpan áratug sem upplýsinga- og kynningarfulltrúi. Hún lauk prófi í fjölmiðlafræði frá Ohio-háskóla í Bandaríkjunum en las svo opinbera stjórnsýslu. –jhh

## KJARTAN ARI JÓNSSON



## Fær framgang hjá Gagnaveitu

Kjartan Ari Jónsson hefur verið ráðinn forstöðumaður Ljósleiðaradeildar Gagnaveitu Reykjavíkur.

Kjartan, sem er 37 ára, hefur starfað hjá Gagnaveitunni frá árinu 2005. Hann var áður uppbyggingarstjóri Ljósleiðarans, háhraða gagnaflutningsnetsins sem GR byggir og rekur. Kjartan er með M.Sc.-gráðu í rafmagnsverkfræði frá Háskólanum í Álaborg.

Gagnaveita Reykjavíkur vinnur nú að ljósleiðaravæðingu í Garðabæ, Kópavogi og Hafnarfirði. Öll heimili í Reykjavík voru orðin tengd Ljósleiðaranum 2015. –jhh



Lúðvík var bærarstjóri í Hafnarfirði 2002 til 2010 og tók á þeim tíma þátt í stefnumótun og uppbyggingu Hafnarfjarðarhafnar í samvinnu við hafnarstjórn og hafnarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Bærarstjóri tekur við höfninni

Lúðvík Geirsson, fyrrverandi bærarstjóri í Hafnarfirði, er nýr hafnarstjóri bæjarins. Utan vinnunnar er Lúðvík mikill útivistarmaður og hefur gaman af göngum á Helgafellið og um hraunið í Hafnarfirði.

## SVIPMYND

## LÚÐVÍK GEIRSSON

„Þetta leggst vel í mig, ég hef verið tengdur höfninni og hafnarstjórninni í langan tíma og þekki ágætlega hér til verka og er spenntur að vera kominn hérna á heimaslóðir.“ Þetta segir Lúðvík Geirsson sem tók við starfi hafnarstjóra Hafnarfjarðarhafnar í gær.

„Hafnarstjóri stýrir þessu ágæta starfsliði sem er að vinna við að reka og þjónusta höfnina hérna í Hafnarfirði og höfnina í Straumsvík líka,“ segir hann.

Lúðvík sat í hafnarstjórn frá 1986 til 1990 og frá 1994 til 2010, sem formaður hafnarstjórnar frá 2013 til 2014 og var hafnarstjóri Hafnarfjarðarhafnar samhliða því að

sinna embætti bærarstjóra frá 2002 til 2004. Lúðvík var bærarstjóri í Hafnarfirði frá 2002 til 2010 og tók á þeim tíma virkan þátt í stefnumótun og uppbyggingu Hafnarfjarðarhafnar í samvinnu við hafnarstjórn og hafnarstjóra.

Hann var formaður afmælisnefndar hafnarinnar þegar haldið var upp á 80 ára afmæli hennar árið 1988 með sögusýningu í Hafnarborg og útgáfu á afmælisriti.

Lúðvík hefur komið víða við á starfsferlinum. Hann hefur sinnt ýmsum fjölmiðlastörfum og dagskrárgerð. Hann var formaður Bládamannafélags Íslands um ellifu ára skeið og framkvæmda- og rekstrarstjóri félagsins um tíma. Hann hefur einnig sinnt kennslu í fjölmiðlun við Háskóla Íslands og Flensborgarskóla, starfað fyrir hin

Við spilum helst hérna á Hvaleyrinni. Við erum nánast öll í fjölskyldunni virk í því.

ýmsu ráðuneyti auk þess að sitja á Alþingi frá 2011 til 2013. „Síðustu árin hef ég verið að vinna fyrir ráðuneytin og sveitarfélög sem ráðgjafi og verkefnastjóri,“ segir hann.

Lúðvík er kvæntur Hönnu Björk Lárusdóttur og eiga þau þrjá syni, og eina sonardóttur. „Tíminn utan vinnunnar fer mikið í fjölskylduna. Það fylgir því, þetta er góð og samhent fjölskylda og stór fjölskylda líka. Við höldum vel hópinn, systkinin og okkar ættmenn.“

Lúðvík er mikill útivistarmaður og hefur sérstakan áhuga á göngum og golfi. „Ég hef gaman af því að vera á göngu á fjöllum og meðfram ströndinni.“

Það er sérstaklega gaman að fara í göngur í nágrenni Hafnarfjarðar, á Helgafellið og hraunið hér í kring. Það þarf ekki að fara langt,“ segir Lúðvík og tekur undir að allt sé til í Hafnarfirði.

Fjölskyldan spilar svo saman golf, einnig í Hafnarfirði. „Við spilum helst hérna á Hvaleyrinni. Við erum nánast öll í fjölskyldunni virk í því.“

Vinnan mun sjálfsagt taka mestan tímann í sumar, að sögn Lúðvíks. „En annars reynir maður að skjótast austur í Tungur þar sem við eigum saman bústað, systkinin og fjölskyldan,“ segir Lúðvík.

saeunn@frettabladid.is

## Reykjavíkurborg

## Sérfræðingur í uppgjörum

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar auglýsir starf sérfræðings í uppgjörum laust til umsóknar. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í uppgjörsteymi fjármálaskrifstofu. Viðkomandi verður einn af lykilmönnum í uppgjörum A-hluta (sveitarsjóðs) og samstæðu Reykjavíkurborgar. Næsti yfirmaður er deildarstjóri uppgjörseildar (borgarbókari).

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur

**23. maí**

Helstu verkefni

- Mánaðar- og árshlutauppgjör A-hluta.
- Ársreikningagerð fyrir A-hluta og A + B samstæðu.
- Frávikagreiningar og gerð greinargerða með uppgjörum.
- Ýmsar greiningar, útreikningar og svörun fyrirspurna.
- Þróun og umbætur uppgjörferla.
- Upplýsinga- og skýrslugjöf.

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/2772**

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólagráða í viðskiptafræði.
- Sérmenntun og/eða reynsla á sviði reikningsskila og endurskoðunar æskileg.
- Greiningarhæfni.
- Reynsla af vinnu við samstæðureikningsskil er æskileg.
- Frumkvæði og metnaður.
- Samskiptahæfni.
- Hæfni til að miðla upplýsingum í ræðu og riti.



Reykjavíkurborg er skipandi og metnaðarfullur vinnustaður með hátt í átta þúsund starfsmenn. Verkefni eru fjölbreytt og snerta daglegt líf borgarbúa með margvíslegum hætti.

Um laun og starfskjör fer samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við hlutaðeigandi stéttarfélag. Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er.

## Stjórnar- maðurinn

@stjornarmadur

## Kusk á hvítflibbann

**Breski smásöluþingurinn** Sir Phillip Green hefur undanfarin misseri fengið kusk á hvítflibbann vegna sölu á stórverslanakeðjunni BHS. Green seldi verslanakeðjuna í mars í fyrra á málamyndaupphæð, eitt sterlingspund, og nú rétt riflega ári síðar er hún gjaldþrota.

**Illar tungur** í breska smásöluþingurinum segja augljóst að Green hafi selt BHS með það eitt að markmiði að vera ekki við stjórnvölinn þegar stórverslanakeðjan færi loks í gjaldþrot. Það hefur nefnilega legið fyrir í allnokkur ár að BHS sé varla viðbjargandi.

**Félagið**, sem rekur um 170 verslanir víðsvegar um Bretland, var í eigu Green í 15 ár. Kaupverðið á sínum tíma var riflega 200 milljónir punda en hann hefur náð því margfalt út úr félaginu með arðgreiðslum, leigutekjum, þóknunum og svo framvegis. Síðustu ár hafa hins vegar ekki verið björt fyrir félagið, það tapar um tuttugu milljónum punda á ári og hefur verið að sligast vegna gríðarlegra lífeyrisskuldbindinga.

**Nú fyrr** í mánuðinum kom loksins að skuldadögum og spilaborgin hrundi með braki og brestum.

**Sá sem** keypti af Green fyrir réttu ári var Dominic nokkur Chappell, en sá var með öllu óþekktur í smásöluþingurinum þegar kaupin áttu sér stað. Hann hafði þó unnið nokkur afrek sem kappaksturs-söluþingur, og hlotið dóm fyrir fjármálamisferli. Hvorugt þótti benda til þess að hann gæti bjargað BHS.

